

Reið út í Eflingu og borgina

Innlent 2

Móðir einhverfrar stúlku gagnrýnir harkalega samningsaðila Eflingar og borgarinnar. Hún segir margar fjölskyldur komnar „á brúnina andlega“ vegna verkfalla.



Fólk með sjúkdóma óttast um líf sitt

Fréttaskýring 4

Fólk með undirliggjandi sjúkdóma óttast mjög að smitast af kórónaveirunni, að sögn formanns Öryrkjabandalags Íslands.



Börn send í óboðlegar aðstæður

Innlent 20

Íslensk yfirvöld sögð ætla að endursenda að minnsta kosti fimm barnafjölskyldur til Grikklands.



Dvelur ekki í fortíðinni

Menning 32

Aðalsteinn Guðmundsson, sem gengur undir listamannsnafninu Yagya, fer vægast sagt óhefðbundnar leiðir í tónlistarsköpun sinni.

MANNLÍF

VIÐTALIÐ

Bubbi Morthens

„Var alltaf hræddur, reiður og í vörn“

***Bubbi Morthens** er ekki óvanur því að fólk rýni í líf hans og hafi á því mismunandi skoðanir en viðurkennir þó að það sé bæði óþægileg og spennandi tilfinning að birtast sem persóna í söngleik sem byggir á ævi hans. Honum sé þó slétt sama hvað fólki finnist um þá mynd sem þar birtist af sér, það sem skipti máli sé hvað honum finnist um sjálfan sig.*



Sendingar **fram** og til **baka**



Sólveig Anna Jónsdóttir. *Mynd / Hallur Karlsson*



Dagur B. Eggertsson. *Mynd / Hákon Davíð*

Verkfallsaðgerðir Eflingar hafa skert þjónustu í leikskólum borgarinnar mikið síðan þær hófust um miðjan febrúar. Síðan þá hafa Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, tekist á í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Margt fólk hefur gagnrýnt samskipti Dags og Sólveigar Önnu sem hafa gjarnan farið fram í gegnum Facebook.

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, er ein þeirra sem hefur bent á að það sé ekki rétta leiðin til að leysa málið. „Samningar nást hins vegar ekki með Facebookstatusum og fyrir milligöngu fjölmiðlamanna. Samningar nást við samningsborðið. Þeir nást með samtalinu," skrifaði Líf meðal annars í færslu á Facebook í vikunni.

> Samningar nást hins vegar ekki með Facebook-statusum og fyrir milligöngu fjölmiðlamanna.

Hver Facebook-færslan á fætur annarri

Sjálfur hefur Dagur sagt í færslu á Facebook að honum þyki of mikil orka talsmanna Eflingar fara í að efna til átaka. „Ég vildi óska að sami kraftur væri settur í samningagerðina og ítrekað virðist fara í skeytasendingar í minn garð og samninganefndar borgarinnar," skrifaði hann á Facebook.

Á meðan Sólveig hefur sagt Dag lofa öllu fögru í viðtölum við fjölmiðla en ekki gefa sömu loforð í samningaherberginu segist Dagur standa við allt það sem hann segir í fjölmiðlum. Þegar hann boðaði Eflingu á fund í vikunni birti Sólveig færslu á Facebook-vegg hans. Hún sagðist vera tilbúin að hitta hann en með tveimur skilyrðum.

„Í fyrsta lagi að þú birtir opinberlega það tilboð (glærurnar) sem samninganefnd minni var kynnt á samningafundi 19. febrúar, daginn sem þú mættir í Kastljóssviðtalið, þannig að allir geti borið tilboðið saman við ummæli þín í Kastljósinu. Í öðru lagi að þú fallist á að mæta mér eða öðrum fulltrúa Eflingar í setti í útvarps- eða sjónvarpsviðtali áður en vikan er úti," skrifaði hún.

Þegar fréttin var skrifuð hafði ríkissáttasemjari boðað viðsemjendur í kjaradeilu borgarinnar og Eflingar á samningafund klukkan 16 í gær, fimmtudaginn 5. mars.



Texti / Guðný Hrönn



Segir margt fólk vera „komið á brúnina andlega" vegna verkfalla

Verkföll félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg hafa mikil áhrif á barnafjölskyldur í Reykjavík. Ásdís Gunnarsdóttir, tveggja barna móðir, segist vera reið vegna ástandsins. Ásdís skrifaði færslu um málið á Facebook í fyrradag og lýsti ástandinu á heimilinu. Hún segir það vera „óbærilegt" fyrir dóttur sína sem er með einhverfu og skertan þroska.

Í samtali við Mannlíf kveðst Ásdís Gunnarsdóttir hafa fengið mikil viðbrögð frá foreldrum í sömu stöðu við Facebook-færslu þar sem hún talar um ástandið sem hefur skapast á heimili hennar vegna verkfalla félagsmanna Eflingar sem starfa á leikskólum Reykjavíkurborgar. „Fólk er að tengja við það sem ég skrifaði og mjög margir eru í sömu sporum. Fólk er mjög reitt og margir eru algjörlega komnir á brúnina andlega."

> *Mér finnst þetta snúast um stolt, hótanir og yfirgang.*

Í umræddu færslu skrifaði Ásdís meðal annars: „Nú verð ég bara að segja eitthvað. Ég er svo reið yfir ástandinu þessa dagana, ég er reið út í Reykjavíkurborg og ég er reið út í Eflingu. Ég á tvö börn, Fjólu sem er 5 ára og er með fötlun og Frosta sem er 1,5 árs. Þau eru búin að vera ca 80% úr leikskóla undanfarnar vikur. Frosti á erfitt með þetta rót eins og flest börn en fyrir Fjólu Röfn er þetta óbærilegt ástand. Hún er með einhverfu og skertan þroska og rútínan, þjálfunin og leikskólaumhverfið er henni nauðsynlegt."

Hún bætir við að amma barna sinna hafi hjálpað mikið en að það sé ómögulegt fyrir hana að ná að sinna börnunum „eins og þau eiga skilið alla daga".

Í færslu sinni spyr Ásdís af hverju sé ekki verið að gera neitt. Að hennar mati fer of mikil orka hjá samningsaðilum í ómálefnalegar ásakanir á samfélagsmiðlum. „Og svo virðist vera fundað eftir hentisemi af og til þegar eðlilegt væri að gera það allan sólarhringinn þangað til komist er að niðurstöðu," skrifar Ásdís. Hún bætir við að allir á hennar heimili séu að missa geðheilsuna vegna álags.

Að fylgjast með samskiptum Dags og Sólveigar veldur vanlíðan

Ásdís merkir Eflingu, Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar, Reykjavíkurborg og Dag B. Eggertsson borgarstjóra í færslunni sinni og hvetur þau til að leysa málið. Aðspurð hvort að hún hafi fengið einhver viðbrögð frá þeim segir Ásdís: „Nei, ég hef ekkert svar fengið frá þeim."



Ásdís Gunnarsdóttir.

Dagur og Sólveig hafa verið gagnrýnd fyrir seinagang í samningaviðræðum. Ásdísi líður illa þegar hún fylgist með samskiptum Dags og Sólveigar Önnu á samfélagsmiðlum. Eins og málið blasir við henni leggja þau of mikla orku í deilur á Netinu og í fjölmiðlum. „Mér finnst eins og enginn vilji sé til að setjast niður og ræða málin og gera málamiðlanir. Mér finnst þetta snúast um stolt, hótanir og yfirgang. Ég hef bara verið mjög pirruð og leið að fylgjast með þessu," segir Ásdís.

BIRTÍNGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500

Lumar þú á frétt?
Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - **Framkvæmdastjóri:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - **Fréttastjóri:** Hólmfríður Gísladóttir - **Ritstjórar tímarita:** Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - **Blaðamenn:** Baldur Guðmundsson, Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir, Guðný Hrönn - **Umbrot og hönnun:** Ivan Burkni - **F orsíða:** Hallur Karlsson - **Auglýsingar:** auglysingar@birtingur.is - **Prentun:** Landsprent - **Dreifing:** Póstdreifing

BIOEFFECT

58%
AUKINN RAKI
EFTIR EINUNGIS
8 VIKNA NOTKUN*

*samkvæmt óháðri vísindalegri rannsókn á BIOEFFECT EGF SERUM sem varði í 8 vikur



VELDU VIRKNI
Í HVERJUM DROPA


BIOEFFECT EGF Serum eru byltingarkenndir húðdropar sem draga verulega úr hrukkum og auka raka húðar til muna. Droparnir innihalda virka prótínið EGF (Epidermal Growth Factor) sem er framleitt í byggplöntum í gróðurhúsi BIOEFFECT í Grindavík.

BIOEFFECT EGF Serum inniheldur aðeins sjö innihaldsefni og er án ilmefna.

BIOEFFECT – Húðvörur sem virka

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK
facebook.com/bioeffecticeland

Texti / Baldur Guðmundsson Myndir / Hallur Karlsson



FÓLK MEÐ SJÚKDÓMA ÓTTAST UM LÍF SITT

FÓLK MEÐ UNDIRLIGGJANDI SJÚKDÓMA ÓTTAST MJÖG AÐ SMITAST AF KÓRÓNAVEIRUNNI, AÐ SÖGN FORMANNS ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS.

Þeim sem eru veikir fyrir stafar meiri ógn af veirunni en þeim sem eru hraustir. Línur Hjálparsíma Rauða krossins hafa verið rauðglóandi undanfarna daga. Öryrkjar og aldraðir eru áberandi í hópi innhringjenda.

Margir öryrkjar eru með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma og eru þess vegna í meiri hættu en aðrir," segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands í samtali við Mannlíf. Þeim sem eldri eru og þeim sem eru með undirliggjandi sjúkdóma stafar mesta ógnin af Covid19-faraldrinum, sem stafar af kórónaveirunni en um 34 tilfelli hafa greinst hér á landi þegar þetta er skrifað. Á blaðamannafundi á þriðjudaginn kom fram að margir mánuðir gætu liðið áður en faraldurinn verður um garð genginn.

> **Fólk með undirliggjandi sjúkdóma óttast bara um líf sitt.**



Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

Þuríður segir að margir meðlimir Öryrkjabandalagsins séu hræddir vegna ástandsins og óttist mjög hið versta. „Fólk með undirliggjandi sjúkdóma óttast bara um líf sitt. Það kemur berlega í ljós í samtölum þar sem þetta fólk er að tjá sig," segir Þuríður um öryrkja. Hún segir afar sorglegt að lesa fréttir um að fólk hafi hunsað tilmæli Landlæknis um að halda sig í sóttkví. „Það er ofboðslega sorglegt ef fólk er ekki að taka tilmælunum alvarlega um að vera í sóttkví. Það getur sett þá sem eru veikir fyrir í mikla hættu," segir Þuríður.

Þórunn Sveinsbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, segir í samtali við Mannlíf að margt eldra fólk sé búið „gamla góða æðruleysinu" og taki þessum fréttum af ró. „Fólk veit að það getur hallað undan fæti þegar það eldist. Fólk með undirliggjandi sjúkdóma reynir að verja sig og umgangast ekki eins mikið annað fólk," segir hún, aðspurð hvernig eldri borgarar bregðist við fréttunum. Hún vekur athygli á því að eldra fólk fylgist oft mjög vel með fréttum og fari að fyrirmælum, þó að netnotkun sé ef til vill ekki almenn. „Eldri borgarar eru mjög duglegir að þvo hendur og fyrirbyggja smitleiðir," útskýrir hún.

Hún segir þó að þessum fréttum geti fylgt kvíði og einmanaleiki. „Þá mæðir á hjálparsíma Rauða krossins. Aldraðir sem eru einmana heima hjá sér, og reyna kannski að forðast samneyti við fólk á meðan þetta gengur yfir, finnur oft fyrir einmanaleika. Ég gæti trúað því að símtölum í hjálparsímann hafi fjölgað," segir hún.

Þrefalt fleiri svara í símann



Pétur Magnússon.


Það má til sanns vegar færa. Hjá hjálparsíma Rauða krossins loga allar línur. Þar svara sex til sjö manns í símann þegar þetta er skrifað en þörfin er

Þeir elstu í mestri hættu

■ Greining Worldometers á tveimur skýrslum, annars vegar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og hins vegar frá Stofnun sjúkdómaeftirlits og sjúkdómavarna í Kína, sem samtals fjalla um 128 þúsund tilfelli smita, sýna að líkur á dauða eru meiri eftir því sem fólk eldist.

Alls hafa 14,8 prósent þeirra sem eru 80 ára og eldri og veikst hafa af COVID-19, látist. Hlutfallið er átta prósent hjá þeim sem eru á aldrinum 70 til 79 ára. 3,6 prósent þeirra sem hafa veikst á aldrinum 60-69 ára hafa látist en 1,3 prósent þeirra sem eru á aldrinum 50-59 ára. Hlutfall dauðsfalla hjá þeim sem eru yngri er á bilinu 0,2 til 0,4 prósent. Engin börn yngri en níu ára hafa látist af völdum veirunnar. Tekið skal fram að ekki öll 128 þúsund tilvikin hafa verið staðfest á rannsóknarstofu, heldur eru þau tilvik einnig tekin með þegar sterkur grunur leikur á smiti.

Þegar andlát af völdum COVID-19 eru skoðuð eftir kynjum kemur í ljós að 2,8 prósent allra karla sem smitast hafa, hafa látist, en 1,7 prósent kvenna.



#FYRIR MIG

Fylgdu okkur á Facebook og Instagram

Fréttaskýring
KÓRÓNA-VEIRAN

Dauðsföll eftir undirliggjandi sjúkdómum

Fram hefur komið hjá heilbrigðisyfirvöldum að þeir sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma eru í mestri hættu. Hér er hlutfall dauðsfalla, af þeim sem smitast, greint eftir undirliggjandi sjúkdómum. Tölurnar eru frá Worldometers.

Hjarta- og æðasjúkdómar 10,5%*
Sykursýki 7,3%
Króníska öndunarfærasjúkdómar 6,3%
Háþrýstingur 6,0%
Krabbamein 5,6%
Engir undirliggjandi sjúkdómar 0,9%

*Þetta þýðir að 10,5% **þeirra sem smitast** og hafa undirliggjandi hjarta- og æðasjúkdóma hafa látist.

Það er mjög mikið áhyggjuefni ef fólk tekur skilaboð um að halda sig í sóttkví ekki alvarlega.

metin jafnóðum. Á venjulegum degi, þegar er ekkert sérstakt er í gangi í samfélaginu, svara tvær manneskjur í símann.

Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsíma Rauða krossins 1717, segir að bæði öryrkjar og aldraðir séu áberandi í hópi innhringjenda síðustu daga og vikna. Hún tekur þó fram að bæði kyn, fólk af ýmsum aldri og fólk sem tilheyrir fjölbreyttum þjóðfélagshópum hringi í hjálparsímann. „En þetta hefur aukist núna, með tilkomu þessarar veiru. Fólk er að hringja í okkur þegar það er kvíðið og líður illa yfir þessu.“ Hún segir að hjálparsíminn sé öllum opinn. „Við erum til staðar fyrir alla. Við veitum fólki upplýsingar og þær leiðbeiningar sem gott er að fara eftir. Við erum mjög fljót að fá nýjustu fréttir og miðlum þeim svo til þeirra sem hringja inn.“

Spurð hvað brenni helst á fólki svarar Sandra því til að margir hringi inn til að spyrja hvort þeir eigi að gera eitthvað sérstakt eða gæta sín á hinu eða þessu. „Eldra fólkið er kannski ekki með tölvur og Net eins og yngra fólkið. Það les frekar dagblöðin.“ Hún bendir á að upplýsingarnar geti breyst svo hratt að fólk geti þurft að sækja sér nýrri upplýsingar en þær sem birtast í dagblöðunum. „Svo stundum hringir fólk vegna þess að því finnst það þurfa að tala við einhvern. Og við erum til staðar fyrir þá líka.“

Æðruleysi eldri borgara

Aðstandendur íbúa á Hrafnistu hafa verið beðnir að halda sig fjarri séu þeir lasnir eða hafi verið á svæðum þar sem COVID-19 geisar. Forstjórinn, Pétur Magnússon, segir þetta mæta skilningi og kveður íbúana sjálfa taka hlutunum með stóískri ró. Hann segir að margt eldra fólk taki tíðindum sem þessum af miklu æðruleysi. „Íbúarnir okkar eru flestir með undirliggjandi sjúkdóma og eru þess vegna áhættuhópur fyrir því að veikjast alvarlega,“ útskýrir hann í samtali við Mannlíf. „Við báðum þá sem eru með einkenni kvefs eða flensu, eða hafa verið að ferðast á skilgreind áhættusvæði, að koma helst ekkert í heimsókn.“

Hann tekur fram að þrír starfsmenn Hrafnistu séu í sóttkví. „Það er mjög mikið áhyggjuefni ef fólk tekur skilaboð um að halda sig í sóttkví ekki alvarlega. Þessi veira

Hingað hringja margir sem glíma við kvíða en svona ástand getur ýtt undir kvíðann hjá þeim sem eru kvíðnir fyrir.



Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsíma Rauða krossins 1717, segir að bæði öryrkjar og aldraðir séu áberandi í hópi innhringjenda síðustu daga og vikna.

mun ekki hafa teljandi áhrif á nema lítinn hluta fólks. En það snýst allt um að hlífa og vernda þá sem eru veikir fyrir.“ Hann ítrekar að margt eldra fólk hafi reynt ýmislegt um ævina, og haldi því alla jafna ró sinni.

Hundrað sjálfboðaliðar til taks

Hjálparsíma Rauða krossins berast um 14 þúsund símtöl á ári. „Það er mjög mikið álag á okkur núna,“ segir Sandra en í símann svara sjálfboðaliðar allan ársins hring. „Við finnum alltaf fyrir því þegar eitthvað er í gangi í þjóðfélaginu. Þá fjölgar þeim sem hringja og netspjallið eykst. Við bætum við línum eftir þörfum,“ útskýrir hún. Sandra bendir á að Rauði krossinn sé hluti af almannavörnum og við neyðarástand breytist hjálparsíminn í upplýsingaveitu til almennings. „Við höfum verið að sinna því líka. Við erum með um hundrað sjálfboðaliða í hjálparsímanum,“ segir hún.

Sandra segir óljóst hve lengi þetta ástand muni vara. „Fólki líður illa yfir þessu og það er mikil óvissa. Hingað hringja margir sem glíma við kvíða en svona ástand getur ýtt undir kvíðann hjá þeim sem eru kvíðnir fyrir. Þá getur verið gott að tala við einhvern í nafnleysi og trúnaði. Ráðgjafar okkar eru mjög vel þjálfaðir í þessum málum.“

„Við erum á óvissustigi“

Framkvæmdastjóri lækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri segir undirbúning í fullum gangi.

„Okkar innri viðbrögð hafa meðal annars verið að fara yfir viðbragðsáætlun við farsóttum,“ segir Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri, í samtali við Mannlíf. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri eru einu sjúkrahúsin sem sinna munu alvarlega veikum einstaklingum vegna COVID-19. „Við erum til staðar fyrir þá sem þurfa á innlögn að halda á okkar svæði.“ Það er aðallega Norðurland en ekki er óhugsandi að veikir einstaklingar á Austurlandi yrðu sendir til Akureyrar.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefur enn ekki þurft að taka á móti smituðum einstaklingum. Tveir starfsmenn sjúkrahússins eru í sóttkví og viðbragðsstjórn sjúkrahússins hefur hist og fundað. „Við erum á óvissustigi,“ segir framkvæmdastjórinn.


Sigurður segir að undanfarnar vikur hafi fulltrúar sjúkrahússins fundað reglulega með sóttvarnalækni, landlækni, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, lögreglu og Almannavörnum. Þeir fundir hafi miðað að því að búa sjúkrahúsin sem best undir það sem koma skuli. „Við höfum verið að fylgja ráðleggingum sem koma frá landlækni um hvernig við eigum að snúa okkur í þessu.“ Undirbúningurinn snúist ekki síst um að svara spurningum heilbrigðisstarfsfólks og reyna að sjá fyrir hvernig hægt er að halda óskertri þjónustu ef starfsfólk veikist.


Sigurður E. Sigurðsson.

„Við gerum okkar besta til að vera vel undir þetta búin. Hér er unnið mjög ötult starf en það er í mörg horn að líta.“

„Við höfum verið að uppfæra birgðastöðu á hlífðarfatnaði og sérvöldum lyfjum – sem við þurfum að eiga nóg af,“ segir Sigurður um það til hvaða ráðstafana hafi verið gripið af hálfu sjúkrahússins. Hann tekur skýrt fram að þar sé um að ræða lyf sem slegið geti á einkenni þeirra sem veikir eru. Engin lyf séu til við COVID-19.

Fram hefur komið í fréttum að Landspítalinn hafi yfir 26 öndunarvélum að ráða. Sigurður segir að öndunarvélarnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri séu þrjár. Það gefi ágæta hugmynd um stærðarmun sjúkrahúsanna tveggja. Hann bendir á að viðbrögðin á Íslandi hafi miðast við að teygja sem mest úr faraldrinum og reyna að fækka þeim sem verða alvarlega veikir í einu. „Það yrði erfitt að fá marga illa veika inn á stuttum tíma. Þá verður meiri hætta á því að við myndum kaffæra þessari ýtrustu heilbrigðisþjónustu. Það er betra að fá fólk inn yfir lengri tíma. Við gerum okkar besta til að vera vel undir þetta búin. Hér er unnið mjög ötult starf en það er í mörg horn að líta.“



Við erum meira virði!

Við önnumst börn og eldri borgara svo að aðrir geti stundað vinnu sína utan heimilis. Við leggjum metnað okkar í að búa vel að þessum hópum þrátt fyrir erfiðar vinnuaðstæður og sívaxandi álag. Engu að síður berum við minna úr býtum en nokkur annar hópur vinnandi fólks. Þegar við förum fram á leiðréttingu erum við ekki virtar viðlits. Erum við ekki meira virði?

Leiðréttum vanmetin kvennastörf – strax!

Samninganefnd Eflingar við Reykjavíkurborg

EFLING
Barátta fyrir betra lífi

VERKFALL – STRIKE – STRAJK – SREIKS – WELGA – STREIKAS – HUELGA
Borgin er í okkar höndum

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Aðsendar

Viðtal

MARÍA DUNGAL

„Ef ég smitast þá smitast ég og þá tækla ég það“

María Dungal líffæraþegi er ein margra Íslendinga sem eru í aukinni smithættu af COVID-19 kórónaveirunni vegna undirliggjandi sjúkdóma. *Dagsdaglega þarf hún að passa upp á sig og forðast flensu og aðrar pestir, en núna er aukin hætta vegna kórónaveirunnar og kannski ekki síst vegna þess að fregnir berast af því að Íslendingar sem koma erlendis frá reyna í einhverjum tilvikum að koma sér undan því að vera í sóttkví.*

María átt sig ekki alveg á þessu en það eru rosalega margir ónæmisbældir á landinu, bæði þeir sem hafa þegið líffæri, þeir sem eru í lokameðferð vegna krabbameins, gigtveikir og aðrir. Það er stór hópur sem er ónæmisbældur,“ segir María sem situr í stjórn Nýrnafélagsins.

„Ég er búin að fá upplýsingar hjá Landspítalanum og í raun er ekki vitað hvernig kórónaveiran hegðar sér og hvort að ónæmisbældir muni veikjast verr af henni en aðrir, þar sem að hún er svo ný. Þannig að óvissuþátturinn er mjög stór hjá okkur. Stærsti vandinn er sá að það er einhver sjúkdómur sem veldur því að þú ert ónæmisbældur, sá sjúkdómur getur haft alls konar hliðarafleiðingar. Eins og ég sem var með nýrnabilun, en ég er hins vegar mjög heppin að það er ekkert að mér líkamlega fyrir utan að ég fékk nýtt nýra. En nýrnabilun getur oft leitt til of hás blóðþrýstings, hjarta- og æðavandamála og svo eru sykursjúkir mjög oft með nýrnabilun. Það eru þessir undirliggjandi sjúkdómar sem geta gert það að verkum að þeir sem eru með ónæmisbælingu geta dáið ef þeir fá kórónaveiruna.“

Hætt að mæta á fjölfarna staði

María sem er í dag 47 ára, greindist í janúar árið 2016 með nýrnabilun. „Þegar þú ert með nýrnabilun þá er það eina sem gerist að nýrnastarfsemin versnar, þú veist að endapunkturinn er að þú þarft að fara í blóðskilun til að halda þér á lífi og þú þarft að fá nýra á endanum.“

María fékk loks nýra í september árið 2019 og segir hún það lykilatriði að hugsa vel um sig, og meðallífftími nýra líkt og annarra gjafalíffæra er mislangur.

„Hann er 12–15 ár og það eru einstaklingar sem hafna nýra eftir eitt ár og aðrir sem eru með það í 40 ár. Þannig að það er á mína eigin ábyrgð að fara eins vel með líkama minn og ég mögulega get,“ segir María, sem er á lyfjum sem bæla ofnæmiskerfið í henni og tekur hún lyfjakokteil á hverjum degi til að tryggja að líkaminn vilji halda nýranu.

„Ég hef verið í einkaþjálfun hjá Birni Þóri Sigurbjörnssyni frá því áður en ég fékk nýrað, ég veit samt ekki alveg hvernig mér tókst að komast þangað í byrjun. Hann hefur verið alveg ómetanlegur, hefur kynnt sér allt um nýrnabilun og ígræðslu til að hjálpa mér sem best og veita mér ráðgjöf í takt við það.“



María Dungal líffæraþegi er hætt að mæta á fjölfarna staði vegna COVID-19 veirunnar: „Við verðum að vera skynsöm og samfélagslega ábyrg án þess að panika.“

Vegna greiningar COVID-19 veirunnar hér á landi sér María sig hins vegar nauðbeygða til að hætta að mæta í líkamsræktarstöðina. „Eins og staðan er núna þá er verið að grípa öll tilfelli á Keflavíkurflugvelli en nú fer að styttast í að veiran fari að smitast á meðal almennings. Staðir þar sem margir koma saman verða alltaf sýkingarbæli. Þannig að núna neyðist ég til að hætta að mæta í nokkrar vikur og er alveg miður mín yfir því. Ég er bara að æfa heima,“ segir María. „Ég ætla ekki að stíga inn í líkamsræktarstöð fyrr en ástandið hefur gengið yfir. Ég ætla ekki í bíó, sund, leikhús eða aðra á fjölmenna staði, það er bara algjör óþarfi. Ef ég fæ vírusinn þá gæti ég orðið miklu veikari en aðrir, það gæti haft alvarlegar afleiðingar og við þurfum að passa okkur sérstaklega vel.“

> ***Það er glatað ef einhver sem er með undirliggjandi sjúkdóm eða ofnæmisbælingu fær veiruna út af svona framkomu.***

Vinnustaðurinn búinn að gera áætlun vegna COVID-19

María mætir til vinnu og segir að á vinnustað hennar sé búið að gera aðgerðaráætlun og allir samstarfsmenn hennar séu mjög meðvitaðir um stöðuna. „Ég er alltaf með sprittbrúsa á mér sjálf, en hér eru sprittbrúsar á öllum borðum og leiðbeiningar hanga uppi um hvernig eigi að standa að handþvotti. Ég tek stöðuna bara frá degi til dags, ef það fer að bera mikið á smitum meðal almennings, þá getur komið að því að ég fari að vinna heiman frá mér. Ég er með ótrúlega góða vinnuveitendur sem eru meðvitaðir um stöðu mína og einnig að hér eru aðrir starfsmenn með undirliggjandi sjúkdóma. Það er búið að gera áætlun hvernig hægt verði að bregðast við og hverjir þurfa að hafa tengingu að heiman og slíkt,“ segir María. „Ég er búin að vinna hér í fjögur ár og er í dag að heyra um samstarfsmenn sem eru með undirliggjandi sjúkdóma, sem ég hafði ekki hugmynd um að væru með þá. Þessi hópur er bara miklu stærri sem er með ónæmisbælingu eða undirliggjandi sjúkdóma en við gerum okkur grein fyrir. Ég þarf alltaf að fara varlega, nú fer ég bara enn varlegar. Ef ég smitast þá smitast ég og þá tækla ég það. Ég ætla ekki að eyða tímanum fram að því í að hafa áhyggjur. Það kemur á óvart hvað maður er mikið á fjölmennum stöðum án þess að gera sér grein fyrir því.“

Hvað finnst þér að heyra um einstaklinga sem eru að koma sér undan því að fara í sóttkví og jafnvel að gorta sig af því á samfélagsmiðlum?

„Mig langar svo að segja hvaða fávitar eru þetta, en svo stígur maður aðeins yfir það. Þetta er auðvitað bara ofboðsleg fáfræði og ofboðsleg sjálfhverfa. Þetta er bara ég um mig frá mér til mín í sinni hreinustu mynd og ég finn hreinlega til með þeim einstaklingum sem haga sér svona. Það er glatað ef einhver sem er með undirliggjandi sjúkdóm eða ofnæmisbælingu fær veiruna út af svona framkomu. Það er bara skelfilegt,“ segir María. „Fyrst var stemningin þannig í þjóðfélaginu að þetta væri bara taugaveiklun og þetta skipti engu máli. Núna held ég að fólk sé farið að gera sér grein fyrir alvarleikanum, en samt hegðar fólk sér svona. Ef þú hagar þér svona þá ertu bara lægst í virðingarstiganum hvað mig varðar.

Við verðum að vera skynsöm og samfélagslega ábyrg án þess að panika.“



ÞVOTTADAGAR

15% afsláttur

Má bjóða þér tandurhreint & brakandi þurrt tau?

Þvottavélar



Þurrkarar



Uppþvottavélar



Vefverslun ORMSSON.IS er opin alla daga, allan sólarhringinn!

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Viðtalið
BUBBI MORTHENS

Vann pottinn í póker lífsins með eintóma hunda á hendi

Söngleikurinn Níu líf, sem byggir á lífshlaupi Bubba Morthens, verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu 13. mars. Þetta er risasýning á allan hátt og um 60 manns sem koma að hverri sýningu, leikarar, dansarar, kór, sviðsfólk, tæknifólk og fleiri. Sjálfur kom Bubbi ekkert að handritsskrifum eða vali á tónlist en segir að það sé bæði spennandi og óþægileg upplifun að sjá atburði lífs síns svona utan frá og það hafi orðið til þess að hann sjái ýmislegt í nýju ljósi. Eiginkona hans, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, kannist hins vegar ekkert við þennan mann sem birtist í verkinu.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Hallur Karlsson



Mér finnst þessi Bubbi stundum óbærilega kjánalegur og það er óþægilegt að sjá hvað hann er oft varnarlaus og auðsær-anlegur.

Þetta var bara hégómleiki af minni hálfu,“ segir Bubbi glottandi þegar ég spyr hvað hafi ráðið því að hann ákvað að gefa samþykki fyrir uppfærslunni. „Hégóminn er harður húsbóndi og hann var líka aðalástæðan fyrir því að ég ákvað strax í upphafi að vera ekkert með puttana í þessu. Ég vissi að þá færi ég að reyna að fegra myndina og láta mig líta sem best út. Það hefði aldrei gengið. Það eina sem ég bað um er að þetta yrði alvöru, mér yrði ekki hlíft á neinn hátt. Ég hef farið á nokkur rennsli á sýningunni og þar er ég bara áhorfandi úti í sal. Það sem birtist á sviðinu er alfarið sköpun Ólafs Egilssonar, sem hefur lagst í gríðarlegar rannsóknir á lífi mínu fyrir þetta verk. Hann tók nokkur viðtöl við mig og sat síðan á Þjóðarbókhlöðunni vikum saman og pældi sig í gegnum þessi þúsund viðtöl eða svo sem hafa verið tekin við mig í gegnum tíðina til að fá sem gleggsta mynd af mér.“

Eiginkonan kannast ekki við þennan mann

En er það ekkert skrýtin tilfinning að horfa á sjálfan sig sem persónu í leikverki?

„Jú, það er mjög skrýtið,“ segir Bubbi hugsi. „Ég horfi á alla þessa Bubba sem birtast þarna á sviðinu og suma þeirra þekki ég mjög vel, en aðra kannast ég lítið við en man þó eftir og veit að þeir eru alveg jafnsannir og þeir sem ég er ánægður með. Mér finnst þessi Bubbi stundum óbærilega kjánalegur og það er óþægilegt að sjá hvað hann er oft varnarlaus og auðsæranlegur. Það tekur á en er líka spennandi og það eru ýmsir atburðir úr lífi mínu sem ég sé frá öðru sjónarhorni en áður eftir að hafa horft á verkið. Ég er ánægður með það. En þetta er auðvitað leiksýning, túlkun og endursögn, ekki heilagur sannleikur, og ef áhorfendur ganga út úr salnum með þá tilfinningu að nú viti þeir allt um mig þá eru þeir á villigötum.“

Hefur eitthvað af fólkinu þínu séð sýninguna? Hvað finnst því um þetta?

„Tolli bróðir las handritið og sagði að þetta yrði æðislegt,“ segir Bubbi og hljómar dálítið hissa. „Hrafnhildur eiginkona mín las handritið líka, lokaði því, leit á mig og sagði: „Ég þekki ekki þennan mann. Ég hef aldrei hitt hann.“ Sem er skiljanlegt. Ég er búinn að vera edrú í tuttugu og fjögur ár og hún hefur aldrei þekkt mig öðruvísi.“

„Konurnar í lífi mínu þurfa engu að kvíða“

Hefurðu þá breyst svona mikið eftir að þú varðst edrú?

„Já, ég hef breyst mjög mikið,“ segir Bubbi ákveðinn. „Ég hef unnið mikið í sjálfum mér til að verða heill og ná bata, það er margra ára vinna, tekur kannski alla ævina. Ég var svo skemmdur. Æskan var erfið, þótt hún væri líka yndisleg og ég fengi gott atlæti. Ég var bráðger, var orðinn fluglæs þegar ég byrjaði í skóla sex ára gamall, en smátt og smátt fór að halla á ógæfuhliðina. Ég ólst upp við alkóhólisma, sá föður minn beita móður mína ofbeldi, sem var gríðarlegt áfall, og var svo misnotaður kynferðislega á mjög viðkvæmum aldri. Ég vann aldrei neitt í þessu, tróð þessu bara öllu niður í undirmeðvitundina, var alltaf reiður og hræddur og í vörn. Hrafnhildur þekkir ekki þann mann og í verkinu er lögð mikil áhersla á æskuna og ungdómsárin og árin fram að edrúmennsku, en þó er stiklað á stóru fram á daginn í dag. Hún kemur auðvitað vel út úr þessu og aðrar konur í lífi mínu sem koma við sögu í verkinu þurfa ekki að kvíða neinu. Þær birtast allar sem mun sterkari og þroskaðri einstaklingar en Bubbi.“

Voru þær hafðar eitthvað með í ráðum þegar verið var að skrifa verkið?

„Nei, ertu galin? Það hefði bara orðið eins og í pólitíkinni; endalaus þöggun,“ segir Bubbi og rekur upp hláturroku. „En ég held þær verði sáttar.“



Þótt Bubbi sé búinn að vera fjörutíu ár í sviðsljósinu segist hann ekki enn vera kominn með harðan skráp. „Maður lærir að brynja sig fyrir því að einhverju leyti að fólk segi eitthvað ljótt um mann, það fylgir því að vera opinber persóna, en það stingur mann alltaf, að halda öðru fram er sjálfsblekking,“ segir hann.

Skrápurinn aldrei svo harður að vond ummæli stingi ekki

Ég hjó eftir því að þú sagðir áðan að það væri óþægilegt að sjá hvað ungi Bubbi hefði verið varnarlaus og auðsæranlegur, er það liðin tíð? Ertu kominn með harðan skráp eftir fjörutíu ár í sviðsljósinu?

„Nei, það er ég ekki,“ segir Bubbi án þess að hika. „Ég held að fólk sem segist vera það sé að ljúga, það er algjört kjaftæði. Maður lærir að brynja sig fyrir því að einhverju leyti að fólk segi eitthvað ljótt um mann, það fylgir því að vera opinber persóna, en það stingur mann alltaf, að halda öðru fram er sjálfsblekking. Ég sé stundum á samfélagsmiðlunum að einhver segir að honum eða henni finnist Bubbi ömurlegur og þoli hann ekki og það kemur alltaf við mig. Ég er hættur að láta það særa mig og missi yfirleitt ekki svefn yfir því, eins og ég gerði stundum í gamla daga en það síast inn og hefur áhrif, það er ekki hægt að neita því. Ég reyni að tækla það með því að hugsa að þessari manneskju líði eitthvað illa með sjálfa sig og hafi þörf fyrir að taka það út á öðrum. Ég þekki það, ég var svona sjálfur. Alltaf með kjaft og sagði alveg hræðilega hluti við og um fólk vegna þess hvað mér leið sjálfum illa. Ég er alveg innilega þakklátur fyrir að Netið var ekki komið á níunda áratug síðustu aldar. Það væri hræðilegt ef þetta hefði allt saman verið skráð einhvers staðar á Netinu.“

Ég ólst upp við alkóhólisma, sá föður minn beita móður mína ofbeldi, sem var gríðarlegt áfall, og var svo misnotaður kynferðislega á mjög viðkvæmum aldri.

Væri löngu orðinn þingmaður ef áhuginn væri fyrir hendi

En þú ert nú sjálfur ófeiminn við að viðra skoðanir þínar á mönnum og málefnum á Netinu, ert að lenda í deilum um laxeldi og álver og guð má vita hvað og skefur ekkert utan af því hvað þér finnst. Sérðu einhvern tíma eftir því?

„Nei, ég hef sterkar skoðanir á ýmsum málum og þori alveg að tjá þær,“ segir Bubbi. „Sérstaklega á loftslags- og landverndarmálum. Og, já, á laxeldi. Margir halda að ég sé á móti því vegna þess að ég er stangveiðimaður en það er alls ekki ástæðan. Ég er á móti því að erlend stórfyrirtæki komi hingað og kaupi upp heilu firðina, borgi enga skatta og fari með allan gróðann úr landi. Og allt er það varið með því að einhverjir fái atvinnu. Nú eru þessi fyrirtæki farin að koma með sláturskip, moka upp úr fjörðunum og sigla burt svo það kemur enginn Íslendingur neitt að vinnslu fisksins. Það er bara alveg óásættanlegt. Og svo er talsmaður þessara erlendu peningaafla sem koma frá Noregi fyrrverandi forseti Alþingis sem hefur beinan aðgang að öllum stjórnmálamönnum á hægri og vinstri vængnum. Auðvitað gerir það mann reiðan. Svo er talað um að hér sé engin spilling eins og spilling felist bara í því að einhver komi með peninga í brúnum bréfpoka og múti einhverjum til að koma sínum málum fram eins og í gömlum bíómyndum. Spillingin hér felst í frændhygli og vinaveðingu og alls kyns makki á bak við tjöldin. Það er óþolandi.“

NÝTT Í SÖLU

BÚUM BETUR

BYGG

www.bygg.is



Naustavör 36-42

2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Bryggjuhverfið í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 36-42.
Íbúðirnar eru 84-204 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.





REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR





Skoðið teikningar á bygg.is

EINSEAM / SÍA / NMD7980

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 36 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

V

Viðtalið

BUBBI MORTHENS



Það er auðheyrt að þetta er Bubba hjartans mál eins og fleiri samfélagsmálefni, hefur honum aldrei dottið í hug að fara út í pólitík?

„Nei, ef ég hefði viljað verða þingmaður væri ég löngu orðinn það. Ef ég ætla mér eitthvað þá framkvæmi ég það," segir hann og það liggur við að það hnussi í honum yfir þessari heimskulegu spurningu. „Ég held ég hafi bara ekki þá eiginleika sem þarf að hafa til að geta verið í pólitík. Bjarni Benediktsson hitti naglann á höfuðið um daginn þegar hann sagði það hafa kostað sig blóð, svita og tár að komast til valda. Það er það sem til þarf og markmiðið er einmitt alltaf að komast til valda, það verður einhvers konar fíkn sem þarf að fóðra með öllum ráðum eins og aðra fíkn. Ég er ekkert að dæma fólk fyrir það, en ég hef ekki þessa fíkn og langar ekkert í völd þótt ég hafi áhuga á pólitík. Við erum öll pólitísk, líka þeir sem segjast engan áhuga hafa á pólitík, en að gera stjórnmál að starfsferli og völd að markmiði er ekki eitthvað sem vekur áhuga minn eða samræmist eðli mínu. Mín áhugasvið liggja allt annars staðar."

Bubbi segir að miklar breytingar hafi orðið í tónlistarheiminum, bæði til góðs og ills. „Við eigum orðið alveg ótrúlega margt frábært tónlistarfólk sem er á heimsmælikvarða en meðalmennskan og draslið flýtur oft ofan á og vekur mesta athygli."

Faldi vandlega að ljóðin fjölluðu um eigin reynslu

Talandi um áhugasviðin, eftir að hafa verið einn mest áberandi og vinsælasti tónlistarmaður landsins í áratugi sendi Bubbi frá sér ljóðabókina Öskraðu gat á myrkrið, fyrir nokkrum árum og nú eru ljóðabækur hans orðnar fjórar. Hvernig stóð á því að hann fór inn á þá braut eftir áratuga textasmíð við lögin sín og er mikill munur á því að semja ljóð eða dægurlagatexta?

„Já, það er allt annað," segir hann ákveðinn. „Prósaljóð gefa manni meira frelsi, aðra nálgun og oft aðra sýn á yrkisefnin. Ljóð hafa alltaf fylgt mér og ég les óskaplega mikið af þeim en þessi skrif mín byrjuðu samt reyndar alls ekki sem tilraun til að yrkja ljóð. Mig langaði að skrifa ævisögu mína með mínum eigin orðum og var búinn að gera nokkrar tilraunir til þess en komst aldrei lengra en svona þrjátíu síður. Ég fann ekki rétta formið, náði einhvern veginn ekki utan um efnið með því móti. Þess vegna skrifaði ég Öskraðu gat á myrkrið, þar sem ég er að fjalla um tímann minn á Vogi milli tveggja heima, sendi Silju Aðalsteinsdóttur, fóstru minni, síðan ljóðin og fékk þau ummæli til baka frá henni að þetta væru frábær ljóð. Ég varð eiginlega mjög hissa, en líka mjög glaður. Þannig byrjaði þetta nú og þar sem ég átti líka alls kyns textabrot um vertíðarárin og vinnuna í slorinu fór ég að vinna ljóð upp úr þeim og úr varð bókin Hreistur, sem fjallar um þá reynslu. Það erfiðasta sem ég hef skrifað var samt ljóðabókin Rof, þar sem ég er að vinna með þá reynslu að hafa verið misnotaður kynferðislega og annað ofbeldi sem ég hef upplifað. Ég faldi það eins og ég mögulega gat að ég væri að fjalla um eigin reynslu. Þú hefðir þurft að vera mjög fær sálfræðingur eða óskaplega mikill mannþekkjari til að sjá að ég var að tala um sjálfan mig, ekki einhverja krakka úti í bæ. Ég held að vinnan við þá bók sé það erfiðasta sem ég hef gert en það hjálpaði mér óskaplega mikið að koma þessu frá mér og var stór þáttur í því að verða heil manneskja. Á síðasta ári kom svo ljóðabókin Velkomin, sem fjallar um viðhorfið til flóttamanna og meðferðina á þeim. Ég veit ekki alveg hvaða bók kemur næst, er með tvær ljóðabækur í vinnslu í augnablikinu. Önnur þeirra fjallar um látna íslenska tónlistarmenn og heitir Nokkrar bláar nótur, en ég ætla ekkert að flýta mér að gefa hana út, mig langar að liggja meira yfir efninu og kafa dýpra."

Vissi alltaf að hann yrði frægur maður á Íslandi

Þig hefur aldrei langað til að hætta í tónlistinni og snúa þér alfarið að skriftunum?

„Nei, aldrei. Þegar ég var lítill langaði mig að reyndar að verða þrennt þegar ég yrði stór; tónlistarmaður, rithöfundur eða fornleifafræðingur. Ég hef enn þá gríðarlegan og nördískan áhuga á fornleifafræði og er alltaf að lesa einhverja texta um hana, tölvan mín er líka troðfull af alls kyns textabrotum en ég vissi að tónlistin var gjöf sem mér var gefin og að ég ætti að helga mig henni. Ég vissi alltaf, alveg frá því ég var strákur, að ég yrði tónlistarmaður og frægur maður á Íslandi. Það var enginn vafi á því í mínum huga. Ég var búinn að semja allan Ísbjarnarblús tuttugu og eins árs og taka plötuna upp tuttugu og þriggja ára. Ég ætlaði að fylgja fordæmi Bob Dylans og gefa út fyrstu plötuna tuttugu og þriggja ára en ég átti aldrei peninga til að gera hana. Þess vegna var ég orðinn tuttugu og fjögurra ára þegar hún kom út og ég var alveg eyðilagður að vera svona seinn með hana, fannst ég vera alveg að falla á tíma," segir Bubbi og rekur upp eina af sínum frægu hláturrokum. „Ég hélt að þegar tónlistin mín kæmi út og ég yrði frægur þá myndi ég losna við vanlíðanina og verða hamingjusamur. En það breyttist bara ekki neitt þegar það gerðist. Mér leið alveg jafnilla innra með mér þótt mér fyndist æðislegt að sjá plötuna mína í búðargluggum og fá stórkostlega jákvæðan „loksins, loksins" dóm um hana eftir Halldór Inga á heilli opnu í Morgunblaðinu sem endaði með þeim orðum að þessi tónlistarmaður ætti örugglega eftir að láta til sín taka í íslenska tónlistarheiminum. Sársaukinn, reiðin og vanmátturinn var samt enn þá alveg jafnsterkur og mér leið aldrei vel nema ég deyfði mig með kannabis eða kókaíni. Ég man að þegar ég reykti kannabis í fyrsta sinn þá hugsaði ég; vá ég ætla alltaf að vera í þessari vímu og það sama gerðist þegar ég prófaði kókaín fyrst. Það var eina ástandið sem mér leið þolanlega í og þótt ég færi nærri því að óverdósa í fyrsta sinn sem ég tók kók hugsaði ég strax þegar ég vaknaði; þetta var æðislegt þetta ætla ég að gera sem fyrst aftur. Ég og áfengi áttum hins vegar mjög illa saman, ég var hræðilegur undir áhrifum áfengis og sem betur fer bar ég gæfu til þess að hætta að drekka nítján ára, annars væri ég örugglega löngu dauður."

Auður ber höfuð og herðar yfir hina

Þannig að þú sérð það fyrir þér að semja og flytja tónlist þar til þú kveður þennan heim?

„Já, það mun ég gera," segir Bubbi og enn og aftur er auðheyrt að honum finnst þessar spurningar mínar frekar kjánalegar. „Ég er tónlistarmaður og verð það alltaf."

En hefur bransinn ekki breyst mikið á þessum fjörutíu árum síðan þú byrjaðir?

„Jú, hann hefur breyst gríðarlega mikið," segir Bubbi, staldrar svo við og fer aftur að hlæja. „Sú fullyrðing sýnir náttúrlega bara að ég er sextíu og þriggja ára en ekki tuttugu og þriggja en það hafa orðið mjög miklar breytingar í tónlistarheiminum á þessum árum, bæði til góðs og ills. Við eigum orðið alveg ótrúlega margt frábært tónlistarfólk sem er á heimsmælikvarða en meðalmennskan og draslið flýtur oft ofan á og vekur mesta athygli. Það gerist alltaf en maður huggar sig við það að til þess að draslið geti flotið ofan á verður undirstraumurinn að vera sterkur og öflugur og það er hann svo sannarlega í tónlistinni hér. Margir af þessum krökkum eru að gera frábæra hluti en mér finnst þó einn af ungu tónlistarmönnunum bera af. Það er hann Auður, hann er einstakur. Hann er menntaður í FÍH og spilar á mörg hljóðfæri og semur langbestu popptexta sinnar kynslóðar. Ég hlustaði á plötuna hans, Freðinn, og hringdi strax í hann, bað hann að hitta mig í kaffi og spjalla. Við höfum síðan orðið góðir vinir og erum að vinna ýmislegt saman sem ég er óskaplega ánægður með. Ég segi hiklaust að hann beri höfuð og herðar yfir alla aðra unga tónlistarmenn hér en hann þarf ekkert á slíkum yfirlýsingum frá mér að halda, það sem hann er og það sem hann gerir er besti vitnisburðurinn. Þið eigið eftir að sjá að ég hef rétt fyrir mér, bíddu bara."

Er hann ekki að sumu leyti dálítið líkur þér þegar þú varst ungur?

„Jú, kannski að einhverju leyti," segir Bubbi eftir að hafa hugsað sig um örlitla stund. „Kannski fann ég það og hringdi þess vegna í hann, ég veit það ekki. Hann er bara svo góður."

„Mér finnst ég æðislegur!"

Öfugt við Bubba við upptökurnar á Ísbjarnarblús erum við að falla á tíma og komið að hinni frægu lokaspurningu. Ég spyr þó ekki; eitthvað að lokum? heldur hvort kóngurinn óttist það ekkert að líf hans verði opinberað þjóðinni á fjölum Borgarleikhússins í næstu viku? Er hann ekkert hræddur við hvað fólki muni finnast um hann og líf hans og hvað það muni segja um verkið?

„Nei, ég er ekki hræddur við það," segir hann. „Ég er reyndar afskaplega mikill prívat maður og hleypi fáum að mér, öfugt við það sem margir halda, en ég er ekki lengur upptekinn af því hvað öðrum finnst um mig. Það sem ég einbeiti mér að núna er hvað MÉR finnst um mig. Og ég get sagt þér að mér finnst ég æðislegur," bætir hann við og enn brestur á með hláturroku. „Ég horfi yfir líf mitt, æskuna, unglingsárin, árin í dópinu, reiðinni og ruglinu, edrúmennskuna, alla ástina. Horfi á það sem ég hef gert og öðlast í lífinu og ég dáist að þessum strák sem byrjaði að spila póker lífsins með eintóma hunda á hendi og endaði með því að vinna allan pottinn. Það er ekkert smáræðis afrek, þótt ég segi sjálfur frá og, já, ég er bara óskaplega ánægður með sjálfan mig og líf mitt. Þá skiptir það voðalega litlu máli hvað öðrum finnst."



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LUR.IS

Dönsk gæði





Lama®

Danskt handverk
síðan 1939



Öll sæti og bak stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi



Brunstad
hvíldarstóll



Öll sæti stillanleg

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is





Stillanleg rúm

Svefnsófar í miklu úrvali.




Margar stærðir





SITTING VISION
hvíldarstólar




Öll sæti stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Vilja sóttkví undir pilsinu

Eftir / Hólmfríði Gísladóttur

Það er dálítið merkilegt hvað meintir talsmenn einkaframtaksins og hins frjálsa markaðar hjá Samtökum atvinnulífsins eru fljótir að benda á hið opinbera þegar útgjöld standa fyrir dyrum. Flesta daga ársins á „báknið“ helst að innheimta sem lægstan skatt og viðhafa mjög takmarkað eftirlit og afskipti. Þegar kemur að því að skrifa undir óútfylltan tékka kveður hins vegar við annan tón.

„Atvinnulífið er ekki eyland í íslensku samfélagi,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, í pistli sem birtist í Mannlífi í síðustu viku. Þar greindi hann frá því að fulltrúar SA hefðu átt fund með sóttvarnarlækni vegna Covid-19, enda hefðu samtökin hlutverki að gegna þegar heimsfaraldrar gengju yfir. Þá hvatti hann til „yfirvegunar í máli og gjörðum“ og sagði jafnframt að á SA hvíldi sú ábyrgð „að bregðast við þegar reynir á í samfélaginu, kalla eftir samtakamætti atvinnurekanda og ábyrgri afstöðu og aðgerðum.“



„Þrátt fyrir faguryrði framkvæmdastjóra SA er það sem sagt hið opinbera sem á að axla alla ábyrgðina á krísunni, þ.e. skattgreiðendur sjálfir.“


Fjórir dagar líða. Smitum fjölgar. Þá stígur Davíð Þorláksson, forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs SA, fram í fjölmiðlum og segir sóttkví sambærilega ófærð; fjarvistin sé réttmæt en launalaus af hálfu atvinnurekandans. Jafnvel þó að um sé að ræða fyrirskipun frá heilbrigðisyfirvöldum, samfélaginu til heilla, þá sé það ekki fyrirtækjanna að koma til móts við starfsmenn í þessu tilviki. Framlag þeirra er að sýna því skilning að fólk sé frá vinnu. Ef það eigi að tryggja að fólk sé ekki tekjulaust í hálfan mánuð sé það stjórnvalda að borga brúsann.

Þrátt fyrir faguryrði framkvæmdastjóra SA er það sem sagt hið opinbera sem á að axla alla ábyrgðina á krísunni, þ.e. skattgreiðendur sjálfir. Málið verður enn fáránlegra þegar horft er til þess að á sama tíma og atvinnulífið vill ekki borga laun í sóttkví og vill heldur að bætur séu sóttar í ríkiskassann, þá vilja menn síður láta örlátlega í kassann sjálfir. Það væri kannski allt í góðu, ef þeir sýndu raunverulega hina „ábyrgu afstöðu og aðgerðir“ sem formaðurinn ræddi um, til dæmis með því að greiða laun í sóttkví og leggja til mögru áranna en hvorugt virðist raunin.

Hið opinbera á nefnilega ekki bara að bæta launalausum starfsmönnum í sóttkví bætur, heldur á það einnig að koma til móts við atvinnulífið, segja forsvarsmenn SA. Davíð sagði í samtali við fjölmiðla að Seðlabankinn þyrfti að gera sitt, já og svo ríkisstjórnin. Til að koma fyrirtækjunum til bjargar í þessum öldusjó Covid-19 þyrftu stjórnvöld að standa við mikla innviðafjárfestingu í fjármálaáætlun og ráðast í aðgerðir til að örva hagvöxt.

Það kveður þarna við kunnuglegt stef. Í kjaraviðræðum er mikið talað um ábyrgð og skynsemi; atvinnulífið hvatt til að koma til móts við launþega og launþegar hvattir til að gæta hófs í kröfum sínum. Gjarnan kastast í kekki áður en aðilar ná sáttum, og oft er það ekki fyrr en þeir hafa náð fallegum samhljóm yfir samningaborðið um nauðsyn þess að hið opinbera komi að málum. Þegar öllu er á botninn hvolft liggur ábyrgðin nefnilega alltaf þar. Þrátt fyrir að mamma sé hundleiðinleg með sín boð og sín bönn, leitar krakkinn alltaf undir pilsfaldinn þegar eitthvað bjátar á.

Probi® Family - fyrir ónæmiskerfið



Probi® Family
- Probi® mjólkursýrugerlar
- Fólasín
- D-vítamín
- B-12 vítamín

Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvern. Probi® Family fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is





JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Jóhönnu Vigdísi Guðmundsdóttur

Er ekki brjálað að gera?

■ Um daginn rakst ég á gamla vinkonu úr háskóla, sem ég hafði ekki séð í að minnsta kosti áratug. Við fórum að ræða saman um þetta klassíska; starfið, fjölskylduna, stjórnmálin, en svo leiddist samtalið á óvæntar en mjög áhugaverðar brautir. Þessi vinkona mín býr og starfar erlendis, er háttsettur sérfræðingur hjá alþjóðlegri stofnun, á meðan eiginmaður og börn búa og starfa á Íslandi. Hún sagði mér að þetta fyrirkomulag hefði opnað augu sín fyrir vinnuþrælkun kvenna á Íslandi. Núna hefði hún nefnilega, í fyrsta skipti síðan fyrir barneignir, tíma fyrir sjálfa sig. Hún gæti farið í vinnuna, unnið eins og brjálæðingur þegar þess þyrfti, komið heim, gert ekki neitt, farið í ræktina, farið í bíó, farið í spa, keypt sér eitthvað í kvöldmatinn, sem hana langaði í, og þar fram eftir götunum. Þriðja og stundum fjórða vaktin væru ekki lengur á hennar herðum.



Vinkona mín tók það fram að Ísland væri sannarlega framarlega í jafnréttismálum, þegar kemur að formlegu lagalegu jafnrétti karla og kvenna. Það væri hins vegar ofið inn í samfélagsgerðina, og ósagt, að þriðja og fjórða vaktin væru á ábyrgð kvenna.

„Í hugtakinu ofurkona felst ekki bara viðurkenning á vinnuþrælkun kvenna heldur er þrælkunin beinlínis lofuð.“

Við þurfum kannski að velta því fyrir okkur hvort jafnréttisparadísin Ísland hafi sett helmingi landsmanna ómanneskjuleg skilyrði. Þögla fyrirvara sem segja að konur fái leyfi til að vinna utan heimilisins, svo lengi sem þær klúðri ekki hinum vöktunum. Og séu mjóar, smart, hressar, skemmtilegar og sætar.

Seinna þennan sama dag hitti ég nokkrar vinkonur til viðbótar, sem hafa hlotið framgang í sínum störfum, og sagði þeim af samtalinu um vinnuþrælkun íslenskra kvenna í jafnréttisparadísinni Íslandi. Það kom mér á óvart þegar þær tóku undir, allar sem ein. Það kom mér minna á óvart þegar þær sögðu að þær myndu aldrei geta sagt þetta opinberlega, vegna þess að þá myndi fólki finnast þær vera svo vanþakklátar. Tilfinningin væri alltaf sú að þær ættu að vera þakklátar fyrir að fá að vinna utan heimilis, fyrir að fá að taka þátt í opinberri umræðu og jafnvel hljóta framgang á sínum sviðum. Ef þær myndu kvarta undan vinnuálagi þá kæmi það niður á tækifærunum. Enda væru þær þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri sem mæður og ömmur þeirra hefðu bara látið sig dreyma um. Og svo nennir enginn að hlusta á röflandi kerlingar. Þið vitið, týpurnar sem ég og vinkona mín köllum gjarnan ábúendur að Bitru.

Í hugtakinu ofurkona felst ekki bara viðurkenning á vinnuþrælkun kvenna heldur er þrælkunin beinlínis lofuð. Flest erum við enda alin upp við þá æðstu dyggð að vera dugleg. „Er ekki brjálað að gera?“ er spurning sem ég fæ reglulega frá eldri fjölskyldumeðlimi. Hingað til hefur spurningunni verið svarað játandi, enda gleður það viðkomandi, og er ekki lygi. Það er kannski kominn tími til að hugsa svarið upp á nýtt?

Höfundur er framkvæmdastjóri Almannaróms – Miðstöðvar um máltækni.

*Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á **ritstjorn@birtingur.is.** Hámarkslengd texta er 450 orð.*

Sleggjan



„Nú er svo komið að pólitísk rétthugsun, sem er bara annað nafn á fasisma, streymir um hinn frjálsa heim. Og sem fyrr eru háskólarnir fremstir í flokki. Við búum við eins konar McCarthyisma vinstri manna í dag.“

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



„Þetta hamfarafyllirí sem fjölmiðlar eru á veldur kvíða hjá fólki og sérstaklega kvíða hjá börnum.“

Óttar Guðmundsson geðlæknir um umfjöllun íslenskra fjölmiðla af kórónaveirunni.



„Ef ráðlegging til fjölskyldu sem hefur bókað fokdýra skíðaferð til Norður-Ítalíu er að fara ekki, þá þarf að segja það hreint út; ekki láta duga að hvetja til að sleppa „ónauðsynlegum“ ferðum.“

Þórir Guðmundsson, fréttastjóri Stöðvar 2, segir viðbrögð yfirvalda við útbreiðslu kórónaveirunnar vera fálmkennd.



„Djöfull er ég pirruð! Auðvitað þurftum við bara að bíða eftir að smit bærist til landsins. Sorrí, en ég vil helst bara loka landinu asap.“

Ágústa Eva Erlendsdóttir leikkona.

„Hér á landi hafa dyrnar fyrir smit inn í landið staðið galopnar. Áherslan lögð á að byrgja brunninn eftir að við værum dottin ofan í hann.“



Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.

„Það væri hægt að karpa um túlkanir og rangfærslur út í hið óendanlega.“



Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðar, um viðbrögð Daníels Jakobssonar og meirihlutans í bæjarstjórn Ísafjarðar við frásögn Guðmundar í síðasta tölublaði Mannlífs. Þar sagðist Guðmundur sjálfur hafa uppgötvað að ekki hafi verið leitað að stjórnanda þegar ráðið var í stöðuna. „Það var verið að leita að strengjabrúðu,“ sagði hann.

„Ég ætla að leggja það til við forsætisráðherra að refsing þín fyrir þessar áætlanir, Áslaug Arna, verði sú að þú sért skikkuð til þess að vinna eina viku á Vogi, sitja þar fundi og anda að þér angistinni hyldjúpu sem fylgir þeim sem eru að takast á við alvarlegan alkóhólisma og aðra fíknisjúkdóma.“



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er ekki par hrifinn af áfengisfrumvarpi dómsmálaráðherra.

„Það þarf því ekki mikla spádómsgáfu til að spá því að sósíalistar muni hafa afgerandi áhrif á næstu kosningar, hvenær svo sem ríkisstjórnin þorir að boða til þeirra.“



Gunnar Smári Egilsson sósíalistaforingi, vígreifur eftir að í ljós kom að Sósíalistaflokkurinn hefur bætt við sig fylgi, samkvæmt könnun Gallup.

„Þetta er óvirðing við hlustendur.“



Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði, ósáttur við enskuslettur kynnanna í úrslitakeppni Söngvakeppninnar.

Góð vika

Daði Freyr og Gagnamagnið



*Óhætt er að segja að meðbyrinn með **Daða Frey og Gagnamagninu** ætli engan endi að taka. Sveitin var varla fyrr búin að hrósa sigri í Söngvakeppninni þegar erlendir veðbankar fóru að spá íslensku keppendunum fyrsta sætinu í Eurovision. Erlendar stórstjörnur á borð við grínistann **Ricky Gervais** og leikarann **Russell Crowe** hafa líka lýst yfir hrifningu sinni á framlaginu og breska sjónvarpsstjarnan **Lorraine Kelly** sýndi í vikunni myndbandið við lag Daða og félaga í vinælum morgunþætti sínum á sjónvarpstöðinni ITV með þeim orðum að framlag Íslendinga væri stórkostlegt. Nokkrar þjóðir eiga reynda enn eftir að tilkynna sitt framlag í Eurovsion, þannig að auðvitað gætu hlutirnir breyst en hvað sem því líður hafa íslensku listamennirnir fulla ástæðu til að gleðjast yfir góðu gengi – og þjóðin ástæðu til að vera stolt.*

Slæm vika

Skeggjaðir menn



*Skeggjaðar karlar hafa lengi þótt hafa ómótstæðilegt aðdráttarafl og „loðnir og lokkandi vangar blasað við okkur hvert sem litið er“ eins og **Ragnheiður Eiríksdóttir** kynfræðingur komst svo skemmtilega að orði. En nú gæti orðið breyting á, því í vikunni greindu fjölmiðlar frá því að íslenskir karlar væru farnir að raka af sér skeggið til að fyrirbyggja útbreiðslu **COVID 19-veirunnar**. Já, það sem einu sinni þótt svalt og aðlandi þykir nú vera möguleg ávísun á kórónasmit. Einhver gekk reyndar svo langt að líkja skeggjuðum körlum saman við rottur sem áttu stóran þátt í að breiða út svarta dauða á sínum tíma en það er kannski frekar nærri lagi að segja að sjarmi loðna hipstersins hafi dalað við þessar fréttir. Sorrí **Mugison**, **Högni**, **Balti**, **Dagur** og þið hinir, þótt þið séuð voða sætir skeggjaðir og úfnir þá er það kannski ekki alveg málið núna.*

wortie

Meðferð við vörtum & fótvörtum

- Árangursrík frystimeðferð
- Einfalt í notkun
- Enginn skaði á heilbrigðri húð
- Fyrir 4 ára og eldri

Nákvæmur málmoddur
frystir eingöngu vörtuna

1.Snúðu loki — ,,klikk"
2.Ýttu niður — 3 sek.
3. Berðu að — 20 sek. (vörtur) 40 sek. (fótvörtur)



www.alvogen.is

Málaðu meira fy





Málningarlímband frá kr.
295

Sköfur frá kr.
245



Spartlspaðar sett kr.
325



Málningargrind og rúlla frá kr.
575





Málningarpenslar frá kr.
95



Mikið úrval málningarverkfæra



Deka Projekt 02, Loftmálning 2,7 lítrar
2.290

ÓDÝRASTA MÁLNINGIN OKKAR
VERÐ 549,-
LÍTERINN m/v 10 lítra



Deka Projekt 05, 2,7 lítrar (stofn A)
2.490



Áltrappa 3 þrep - verð frá
4.490
Áltrappa 4 þrep **5.440**
5 þrep **7.290**
6 þrep **7.690**



Deka Projekt 10, 2,7 lítrar (stofn A)
2.990



Deka Projekt 05, 3 lítrar Málarahvítt
2.590



Spartlspaðar frá kr.
695



Deka Gólfmálning grágræn 3 ltr.
4.690



Einnota málningargallar frá kr.
695





Kíttgrindur frá kr.
790



Bostik spartl 250 ml
590



Slípiklossar frá kr.
395

Sandpappír frá kr.
125
örkin

Framlengingar-sköft frá kr.
595



Bostik málningarkítti
390



Yfirbreiðslur Fleece frá kr.
540

Málningarbakkar frá kr.
195





Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

rir miklu minna!



Hjá Múrbúðinni færðu litríka gæðamálningu!

Colorex sænsk gæðamálning síðan 1955

Góð málning þekur vel og er auðvelt að vinna. Þess vegna selur Múrbúðin eingöngu sænska gæðamálningu frá Colorex. Málningin frá Colorex þekur framúrskarandi vel, enda er hún þróuð til að mæta ströngustu kröfum Norðurlandabúa.

Hugsum um umhverfið og málum með málningu frá Colorex

Málningin frá Colorex er einstaklega umhverfisvæn. Hún er bæði með Svansvottun þ.e. Nordic Swan Eco label og EU Eco label. Þessar vottanir fá einungis vörur sem uppfylla ströngustu umhverfisstaðla. Vottunin tekur til allra umhverfisáhrifa vörunnar allt frá því að hráefni eru unnin og þar til vörunni er fargað eða hún endurunnin.



Skönnum drauma litinn þinn!

Ertu búin að finna draumalitinn? Við getum blandað alla liti. Þú kemur bara með draumalitinn og við skönnum hann með litgreiningarskannanum okkar.
Við getum skannað liti af litaprufum og úr blöðum svo eitthvað sé nefnt.

Málningarverkfæri, stigar og tröppur

Með réttu verkfærunum verða verkin auðveldari. Þú færð öll málningarverkfæri hjá Múrbúðinni. Eingöngu gæðamerki á góðu verði. Við bjóðum líka mikið úrval af stigum og tröppum, sem nauðsynlegt er að eiga þegar maður málar.

Bostik spartl, þéttifrauð og kítti – Leiðandi í yfir 125 ár

Bostik er leiðandi framleiðandi á spartli, þéttifrauði og kítti. Múrbúðin býður breiða línu að vörum frá Bostik á frábæru verði. Bostik vörurnar sem Múrbúðin selur koma frá Svíþjóð og Þýskalandi.

Bostik
smart adhesives

Murexin – Austurísk gæðaefni á góðu verði

Murexin framleiðir endingargóð þéttiefni, fúgur og flísalím. Rakaþéttikvoðan frá Murexin „dúkur í dós“, er löngu búin að sanna sig á Íslandi. Gerðu gæða- og verðsamanburð. Múrbúðin býður að minnsta kosti jafngóðar vörur, bara miklu ódýrari.



20% AFSLÁTTUR

20% afsláttur af málningu

Málaðu meira fyrir miklu, miklu minna!

Málning hjá Múrbúðinni er 30-60% ódýrari en sambærileg málning hjá öðrum, svo þú getur málað meira fyrir minna. Ef þú kemur með þessa auglýsingu í Múrbúðina færð þú 20% afslátt af allri málningu og þá geturðu málað meira fyrir miklu, miklu minna!

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Texti / Baldur Guðmundsson

Innlent
HÆLISLEITENDUR

Íslendingar senda börnin í „hreinasta helvíti“ í næstu viku

„Að minnsta kosti fimm barnafjölskyldur bíða þess nú að verða endursendar til Grikklands,“ segir Sema Erla Serdar, stofnandi hjálparsamtakanna Solaris. Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati segir óboðlegt að senda fólkið aftur til Grikklands. Engu máli skipti þó að þau hafi þar stöðu flóttamanna.

Til stóð að senda unga sex manna íraskа fjölskyldu til Grikklands á fimmtudag, þar sem hún hefur stöðu flóttamanna. Þeim flutningi var frestað með skömmum fyrirvara. Rauði krossinn mótmælti því harðlega á miðvikudag að senda börn til Grikklands, þar sem mikil úlfúð ríkir í garð flóttafólks.

Mannlíf ræddi við fjölskylduna fyrir hálfum mánuði. Mohammed Al Deewan og Wedyan Al-Shammari flúðu pólitískar ofsóknir í Írak árið 2017 og fengu alþjóðlega vernd í Grikklandi. Vegna ömurlegra aðstæðna flúði fjölskyldan til Íslands og sótti um umþjóðlega vernd hér í júní í fyrra. Útlendingastofnun synjaði fólkinu um efnislega meðferð mála þeirra. Börn hjónanna eru níu ára, fimm ára, fjögurra ára og eins árs.

Sema segir að fólkinu hafi á síðustu stundu verið tilkynnt um að brottvísuninni hefði verið frestað fram í næstu viku. Nú standi til að þau verði flutt „í boði íslenskra stjórnvalda“ til Grikklands, ásamt fleira flóttafólki með beinu flugi. „Reynsla okkar sem vinnum í þessum málaflokki er að þegar sendar eru einkavélar þá er hópað í þær og reynt að koma eins mörgum um borð og hægt er. Ég óttast að fleiri börn og barnafjölskyldur fari í þetta flug í næstu viku.“



Vegna ömurlegra aðstæðna flúðu Mohammed Al Deewan og Wedyan Al-Shammari með börn sín til Íslands og sóttu um umþjóðlega vernd hér í júní í fyrra. Börn hjónanna eru níu ára, fimm ára, fjögurra ára og eins árs. Mynd / Hákon Davið Björnsson

Rauði krossinn mótmælir

Rauði krossinn á Íslandi mótmælti á miðvikudag fyrirhuguðum brottvísunum barnafjölskyldna, sem hafa fengið alþjóðlega vernd í Grikklandi, til landsins. Fram kom að fimm fjölskyldum hafi borist tilkynningar um að stjórnvöld muni flytja þær til Grikklands á næstu dögum og vikum. Á sama tíma berist fregnir af hræðilegu ástandi við Miðjarðarhaf.

Í yfirlýsingu Rauða krossins kemur fram að fregnir berist frá Grikklandi um harðræði grísku lögreglunnar og að fólki sé meinað inngöngu.



Sema Erla. Mynd / Leifur Wilberg

Mikil ólga sé í landinu og andúð í garð flóttafólks ríkjandi. Ætla megi að sú ólga fari vaxandi. „Rauði krossinn á Íslandi hefur ítrekað bent á að aðstæður þeirra sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á Grikklandi séu síst skárri en þeirra sem enn hafa umsókn sína til meðferðar þar í landi. Er það sjónarmið stutt af alþjóðlegum skýrslum og frásögnum aðila sem starfað hafa fyrir alþjóðleg hjálparsamtök í Grikklandi, líkt og fram kom í umfjöllun RÚV í fréttaskýringaþættinum Kveik 4. febrúar,“ segir í yfirlýsingunni.

Þrátt fyrir þetta haldi dómsmálaráðherra og settur forstjóri Útlendingastofnunar því fram að þeir sem áður hafi hlotið vernd í Grikklandi hafi sambærileg lagaleg réttindi og þeir sem fái vernd í öðrum ríkjum.

Hreinasta helvíti

Sema segir að ástandinu í Grikklandi sé af þeim sem þar dvelja lýst sem „hreinasta helvíti“. Þar sé hvorki að fá atvinnu né húsnæði og ástandið fari versnandi eftir að Tyrkir opnuðu landamærin fyrir flóttafólki. Fólkinu mæti miklir fordómar og dæmi séu um að nýnasistar taki á móti því með ofbeldi og áreitni.

Grísk stjórnvöld ráði ekkert við ástandið. „Hvernig í ósköpunum getum við verið að senda börn í þessar aðstæður?“ spyr hún.

Fulltrúar Sólaris funduðu með dómsmálaráðherra á mánudag um stöðuna í málaflokknum. Þar lagði Sólaris fram tillögur fyrir ráðherra að hafa í huga þegar kemur að umbótum í málaflokknum. Á meðal þeirra var að stjórnvöld á Íslandi mótuðu sér heildstæða stefnu með mannúð að leiðarljósi í málefnum fólks á flótta, stöðva þurfi brottvísanir barna með flóttabakgrunn frá Íslandi til Grikklands og að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi þegar ákvarðanir um mál þeirra séu teknar.

Spurð hvort barnafjölskyldurnar sem um ræðir eigi sér einhverja von bendir hún á að verið sé að reka dómsmál fyrir hönd fjölskyldunnar frá Írak. Hún segir að það mál verði til lykta leitt jafnvel þó að fólkið verði flutt úr landi. Sema er sjálf í sambandi við þessar fjölskyldur. „Maður hefur séð að fólk er mjög reitt yfir þessu. Það sættir sig ekki við þessar aðstæður en forðast að tala um framtíðina fyrir framan börnin sín. Það er forkastanlegt að senda fólk aftur í þessar aðstæður í nafni okkar allra. Á meðan staðan er óbreytt í Grikklandi þá er ekki boðlegt að senda þangað börn.“

Sema veit ekki nákvæmlega hvaða dag fólkið verður sent úr landi í næstu viku en segir að framkoma stjórnvalda í garð fólksins sé ömurleg. Hún nefnir sem dæmi fjölskylduna frá Írak. „Þau gerðu ráð fyrir að verða send úr landi í dag [fimmtudag] og voru sennilega búin að kveðja vini sína í skólanum. Svo er þessu bara frestað. Þetta unga fólk er mjög hrætt um börnin sín og framtíð þeirra. Þau munu ekki geta sest að í Grikklandi. Þeirra bíður ekkert þar. Þau eru búin að vera á flótta frá árinu 2017, í þrjú ár, og mögulega bíður þeirra ekkert annað en fleiri ár á flótta.“



Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata

Óboðlegar aðstæður

„Það liggur bara fyrir að það er mat Rauða krossins, sem er áreiðanlegasta heimildin sem við höfum, að það sé óboðlegt að senda fólk til Grikklands – hvað þá börn,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata. Hann ræddi útlendingamál stuttlega við Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra á þriðjudaginn á Alþingi. Í máli Áslaugar Örnu kom fram að engum væri lengur vísað til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Aftur á móti væri fólk sent til Grikklands sem hefði fengið stöðu flóttamanna þar í landi.

Helgi segir að þessar skýringar haldi engu vatni. „Einu varnirnar sem við heyrum fyrir þessum bölvuðu ákvörðunum er sú ranga greining að það sé betra að vera í Grikklandi ef maður er með stöðu flóttamanns en ekki bara hælisleitandi,“ segir hann. Kjarni málsins sé að aðstæður fyrir þennan hóp séu óboðlegar í Grikklandi og fari hratt versnandi. „Við höfum viðurkennt að ástandið sé svo slæmt í landinu að við sendum ekki fólk þangað á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Það er augljóst að það eru hagsmunir þessara barna að vera hér áfram.“ Hann bendir líka á að UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, mæli gegn því að fjölskyldur séu sendar aftur til Grikklands. Það að senda þangað börn gangi gegn alþjóðlegum skuldbindingum okkar.

Helgi segir að meirihluta á þingi vanti fyrir því að taka betur á þessum málum. Það eina sem sé í stöðunni sé að halda þessum málum á lofti og vonast til að Íslendingar kjósi í næstu alþingiskosningum fólk á þing sem tekur málaflokkinn alvarlega. Hann vill að Ísland taki við fleira flóttafólki – en ekki öllum. „Það sem ég vil er að mál þessa fólks fái efnismeðferð hér á landi. Þar með er ekkert víst að þetta fólk fái jákvætt svar – þó að það sé líklegt. Ég vil bara að málin þeirra séu skoðuð.“

Verðmæti fólgin í fleira fólki

Helgi er þeirrar skoðunar að Evrópa þurfi að taka á vanda flóttamanna sameiginlega. Hann geti ekki bara verið vandamál Ítala og Grikkja. Hann segir það mikinn misskilning að líta á flóttamenn sem byrði á samfélag okkar. Best væri ef hægt væri að standa fyrir reglubundnum fólksflutningum og gera fólki auðvelt að aðlagast samfélaginu okkar. Hann bendir á að lönd eins og Bandaríkin og Kanada, tvö af öflugri ríkjum heimsins, séu í grunninn samansett af fólki sem er af innflytjendum komið. „Aukinn mannfjöldi þýðir stærra hagkerfi. Okkur vantar fólk á Íslandi. Auðvitað getur álagið tímabundið orðið meira á innviðina, en til lengri tíma felast verðmæti í fólki. Þetta snýst um að dreifa álaginu.“ Hann segir að pólitíski vandinn snúist í grunninn um útlendingaandúð og -ótta, sem þrífist í öllum samfélögum að einhverju leyti. Hann er þó ekki mjög bjartsýnn á framhaldið. „Vandinn er sá að enginn hér þarf að horfast í augu við þessi börn þegar þau eru flutt úr landi. Enginn þarf að tala við þau eftir tíu ár í Grikklandi, eða hvar sem þau verða. Hér ríkir fullkomið ábyrgðarleysi í þessum málum.“



4 *Byltingarkenndur stíll*
Steve Hermann hannar fyrir Hollywood-stjörnur.



6 *Flott baðherbergi*
Bættu baðherbergið með nokkrum einföldum ráðum.

Nýjar og glæsilegar íbúðir á spennandi stað

LIND fasteignasala er með í einkasölu einstakt og vandað fjölbýlishús við Hlíðarenda. Íbúðirnar eru tveggja, þriggja og fjögurra herbergja og á bilinu frá 74 til 235 fermetrar. Bílastæði fylgir öllum íbúðum og bílskúrar með sumum. ***Bls. 2.***

„Stofurnar eru stórar, geymslurnar rúmgóðar og það eru tvö baðherbergi í sumum íbúðum.



Eitt vandaðasta hús á höfuðborgarsvæðinu

Hannes Steindórsson, löggiltur fasteignasali hjá LIND fasteignasölu, segir að þetta sé eitt vandaðasta hús sem hefur verið byggt á höfuðborgarsvæðinu og mikið sé lagt upp úr þægindum og góðri nýtingu á plássi í hverri íbúð. „Stofurnar eru stórar, geymslurnar rúmgóðar og það eru tvö baðherbergi í sumum íbúðum. Svo er aukin lofthæð í húsinu, 280 sentímetrar og gólfsíðir gluggar. Innréttingarnar ná síðan allar upp í loft til þess að hámarka geymslurými íbúðanna," segir hann og getur þess að innréttingarnar séu frá danska fyrirtækinu JKE, en það sé þekkt á heimsvísu fyrir vandaða framleiðslu. Í boði verði þrjár mismundi útfærslur af innréttingum og þær skilist með vönduðum Quartz-borðplötum, bæði í eldhúsi og á baði frá Granítsmiðjunni.

„Það má líka taka fram að rafmagnstækin í íbúðunum eru öll frá Miele og blöndunar- og hreinlætistækin eru frá Tengi," bætir hann við. „Svo er lýsingin hönnuð af Lumex og því óhætt að segja að gæðin séu í fyrirrúmi."



Hannes segir að auk þess sé byggingin hönnuð sérstaklega með hliðsjón af íslenskri veðráttu. „Gluggarnir eru til að mynda mjög vandaðir danskir áltrégluggar frá Velfac, en það sem einkennir slíka glugga er að þeir með hátt einangrunargildi fyrir hita og hljóði," bendir hann á. „Húsið sjálft er svo klætt að utan með álklæðningu, þannig að byggingin er viðhaldslítil."

Fleira taki mið af íslenskum aðstæðum, til dæmis séu gönguleiðirnar í inngarðinum búnar snjóbræðslu, sem auðveldi lífið talsvert á veturna.

„Fyrst við erum að tala um það þá má líka nefna að garðurinn er ótrúlega glæsilegur, bara algjör sælureitur," segir hann. „Og mörgum íbúðum fylgja ferlega flottir þakgarðar."

Þá nefnir hann að bílakjallarinn sé á tveimur hæðum en í honum sé fjöldi bílskúra auk hefðbundinna bílastæða.



CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

15% afsláttur



COLONIAL CHAIR
20% afsláttur





CH 25
20% afsláttur



Þrír sérfræðingar

Verða verslun okkar í Skeifunni 6,
í dag föstudag og á morgun.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal 45 ára

auping
with love

20% afsláttur





Montana

15% afsláttur
20% afsláttur af TV einingum



Texti / Linda Jóhannsdóttir Myndir / stevehermanndesign.com



Glæsilegt glerhýsi

***Steve Hermann** er þekktur fyrir nútímalega hönnun og er einn sá helsti sem fína og fræga fólkið í Hollywood leitar til þegar það er í húshugleiðingum. Þrátt fyrir að vera ómenntaður hefur hann hannað fyrir elítuna í yfir 20 ár.*

Hann lauk við The Glass Pavilion árið 2010. Húsið sem er í Santa Barbara í Kaliforníu er 1.290 fermetra lúxusvilla með fimm svefnherbergjum, fimm baðherbergjum, gestaklósetti, yfirbyggðum palli, eldhúsi með vínherbergi, stórri stofu og borðstofu og risastóru listagalleríi þar sem Steve geymir/sýnir antíkbílana sína. Listagalleríið, sem er á neðri hæð hússins, er svo stórt að þar er auðveldlega pláss fyrir 32 bíla.

Húsið stendur á einum og hálfum hektara af landi sem er mikið til skógur og sést húsið ekki frá neinum vegi né húsi og er lokað af með rafmagnshliði svo ekki sé hægt að komast inn á lóðina og er því algjörlega prívat. Það tók yfir sex ár frá því bygging hófst þar til húsið var fullklárað en notast var við sérstaka aðferð við byggingu hússins til að láta húsið líta út fyrir að svífa á grasinu og er sú aðferð bæði mjög seinleg og vandasöm. Útveggir hússins eru að mestu leyti úr gleri og var einungis notað Star Fire-gler sem er einstaklega tært gler sem mikið er notað í skartgripaútstillingar. Það, ásamt því að húsið „svífur“, gerir það að verkum að þessi risavaxna glæsivilla virkar afar létt. Þar sem húsið er að mestu úr gleri blandast það ytra við það innra og um leið og náttúran kemur inn hættir manneskjan að vera falin inni og verður í raun partur að því ytra. Manneskjan verður því að mörgu leyti mun berskjaldaðri og gæti það virkað pínulítið ógnvekjandi fyrir suma en fyrir utan að ekki er hægt að sjá inn á lóðina eru afar tæknilegar myrkvunargardínur en með því að ýta á einn takka fara gardínurnar niður og er þannig hægt að fá algjöran frið og/eða myrkur.



„Eins og að baða sig í náttúrunni að hoppa í þessa sturtu.“



Hjónasvítan er útbúin öllum þeim þægindum sem hægt er að hugsa sér.



Steve Hermann.

Þetta hús er mitt stærsta afrek á 20 ára ferli mínum.



Byltingarkenndur byggingarstíll, mikilfengleg smáatriði og eftirfylgni í gæðum og frágangi gerir það að verkum að þetta hús er af mörgum talið eitt af hátindum í arkitektúr okkar kynslóðar og mun koma til að skilgreina það tímabil sem það var byggt á.



Eldhúsið er innblásið af evrópskri hönnun og er með sér vínherbergi.



Í listagalleríinu sýnir Steve antíkbílana sína.

Steve vildi hafa gangana og alrýmin mjög stór og ná fram ákveðinni stemningu þar sem fólk langar til að setjast niður, vera og slaka á. Til þess hannaði hann sérstaka bekki fyrir húsið og sótti innblástur í bekki frá Museum of Modern Art í New York.

Bekkirnir áttu að vera mjög lágir og næstum eins og legubekkir svo þeir væru þægilegir en á sama tíma myndu aldrei skyggja á útsýnið enda húsið hannað með útsýnið í huga. Eldhúsið er eitt af uppáhaldsherbergjum Steve, hann segist hafa verið innblásinn af Evrópu þar sem það er mjög algengt að öll heimilistækin séu innbyggð og falin, innréttingarnar hvítar, mínimalískar og mjög nútímalegar eins og tíðkast sérstaklega í Skandinavíu. Borðplatan er úr sjaldgæfum marmara og graníti og má finna nöfn eins og Varena, Poliform og Antonio Lupi á tækjum og tólum. Þar að auki er eldhúsið búið sérstöku vínherbergi.

Hjónasvítan er ekki minna glæsileg en Steve segir það nánast vera eins og að sofa úti að sofa þar. Innangengt er úr hjónasvítunni í stórt baðherbergi og eins og með annað í þessu glæsilega glerhýsi var engu til sparað og má meðal annars finna vask á baðherberginu sem kostaði 30.000 dollara. Baðið og sturtan eru alveg út við glervegginn svo þú upplifir þig nánast úti sem gerir baðupplifunina eins og þú sért að baða þig í náttúrunni. Steve byggði húsið upprunalega með það markmið að búa þar sjálfur en setti það síðar á sölu. Sett var á húsið 35 milljónir dollara.

Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng, 8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Texti / Stefanía Albertsdóttir Myndir / Úr safni



Flott baðherbergi með lítilli fyrirhöfn

1

Það er ekki nauðsynlegt að flísaleggja baðherbergisveggi en margir eru fastir í þeirri hugmynd að baðherbergi þurfi að flísaleggja í hólf og gólf. Akrýlmálning fyrir votrými með myglu- og sveppavörn er alveg jafngóð og litamöguleikarnir eru óteljandi. Ætlir þú hins vegar að setja flísar á veggina kemur yfirleitt best út að flísaleggja alveg upp í loft en hægt er að láta minni baðherbergi líta út fyrir að vera stærri sé þetta gert.



2

Ef þú ætlar að kaupa tilbúnar innréttingar á baðherbergið hugsaðu þá út fyrir boxið. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að kaupa innréttingar sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir baðherbergi. Eldhúseiningar á stærri baðherbergjum geta nýst vel og búa yfir ívið meira geymsluplássi. Einnig með því að hengja innréttinguna upp á vegg og halda gólffletinum hreinum fær baðherbergið léttara yfirbragð.

3



Ekki gleyma loftinu. Mýtan um að hvít loft stækki rými er ansi lífseig en á hvað síst við í baðherbergjum. Það getur lyft baðherberginu upp á hærra plan að hafa loftin í sama lit og veggina, þá sér í lagi ef þeir eru dökkir og á þetta við bæði flísalagða veggi sem og málaða. Með því að mála loftið kemur meiri heildarsvipur á rýmið og notalegri stemning sem líkist þeirri upplifun að vera staddur í fyrsta flokks heilsulind.

> *Það getur lyft baðherberginu upp á hærra plan að hafa loftin í sama lit og veggina.*

5



Speglar eru elsta ráðið í bókinni til þess að blekkja augað og láta rými virðast stærri. Á litlum baðherbergjum er þetta sérstaklega mikilvægt atriði. Sé nauðsynlegt að hafa efri skápa ættir þú að skoða það að kaupa speglahurðir á skápana. Þú heldur þá skápaplássinu, færð góðan spegil og slærð tvær flugur í einu höggi.

4



Mjúk og stillanleg lýsing inni á baðherbergjum er algjört grundvallaratriði en margir gera þau mistök að hafa baðherbergið yfirlýst. Veldu ljós sem dreifa birtunni jafnt um rýmið og fjárfestu í dimmer svo hægt sé að stilla birtuna eftir þörfum. Innfelld ljós, lokuð hangandi ljós og veggljós eru góður kostur. Hugaðu vel að því hvar bestrar lýsingar er þörf í rýminu en það er yfirleitt við vaskinn. Baklýstir speglar með dimmer er góður kostur og gefur baðherberginu meiri reisn. Einnig er best að tengja ekki öll ljósin í rýminu við sama rofann sé þess kostur. Yfirleitt kemur best út að aðgreina ljós við vaskinn frá öðrum ljósum rýmisins.

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu



Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. ***Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.*** Húsin eru fljótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**



Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.



Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fyrlgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur loft-hæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.



Klassik einbýlishús 100-400m²
Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.



Funk einbýlishús 100-400m²
Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófílar koma frá hinu þekkta þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Verð aðeins 108.700 kr. pr/m² m. vsk

Sökklar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Húseining getur nú boðið fjölbreytta modular framleiðslu Forta Pro á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Hagkvæmni - Fjölbreytni - Skjótur byggingartími













HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

FORTA PRO

WE BUILD MODULAR

Húseining ehf. getur nú boðið framleiðslu Forta Pro sem eru (modular) á eftirtalda markaði: Ísland Færeyjar og Grænland.
Forta Pro er einn stærsti modula framleiðandi í Evrópu.

FORTA PRO notar modular byggingartækni sem gerir þeim kleift að byggja vistfræðilega hreinar og sjálfbærar byggingar, en sparar orku og tíma. FORTA PRO framleiðir hágæða modula sem henta byggingu margra hæða íbúðarhúsa, hótela, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og fjölda annarra útfærsla.

- **FJÖLBÝLISHÚS**
- **HÓTEL OG GISTISTAÐIR**
- **STÚDENTAÍBÚÐIR**
- **DVALARHEIMILI**
- **BAÐHERBERGJA MODULAR**
- **GOLFHERMA MODULAR**

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is



Fleiri útgáfur af Sjöunni fáanlegar

Sjöan sem flestir þekkja eftir Arne Jacobsen og framleidd er af Fritz Hansen er nú fáanleg með flauelsáklæði. Þessi þekkti stóll, sem er framleiddur úr formbeygðum krossvið, kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1958. Stóllinn hefur fram að þessu verið fáanlegur sprautaður í ótal litum, með leðurklæði og í hinum ýmsu viðaráferðum. Flauelsáklæðið er hannað af ítalska fjölskyldufyrirtækinu Redaelli Velluti sem sérhæfir sig í textílhönnun og sérstaklega í flaueli. Fyrirtækið hefur framleitt flauel í meira en 100 ár fyrir stór tískuhús, húsgagnaframleiðendur og innanhússhönnunarfyrirtæki. Þrír litir eru í boði; muskubleikur, gráblár og haustrauður.



Listrænt og djarft frá Ferm Living

Hebe-lampalínan frá Ferm Living er listræn og djörf. Lamparnir eru innblásnir af náttúrunni og hafa löguleg form. Þeir eru gerðir úr keramík, með djúpum blæbrigðum, möttum eða gljáandi og gefa rýminu gróft en á sama tíma látlaust yfirbragð. Lamparnir koma í nokkrum litum og stærðum, bæði sem borð og gólflampar, með beinhvítum eða brúntóna skermi.



Fallegar og öðruvísi heimilisvörur

ILA Y ELA er spænsk vefverslun sem fangaði athygli okkar en hún býður upp á fallegar handgerðar vörur fyrir barnaherbergið og heimilið almennt. Mottur, veggteppi, veggskraut, hillur, púðar og annar textíll er hluti af vöruúrvali þeirra, unnar úr náttúrulegum efnivið. Fallegar vörur fyrir augað, öðruvísi og úr gæðahráefni. Hægt er að skoða úrvalið á ilaela.bigcartel.com/ og á Instagram undir @ilayelaartesanal en fyrirtækið sendir til Íslands.




Mjúkar línur og einföld form

Nappula-vörulínan frá littala.

Mjúkar línur og einföld form einkenna línuna þar sem kertastjakar hafa verið í aðalhlutverki. Nýverið bættust við Nappula-blómapottar í tveimur stærðum. Einföld hönnun sem undirstrikar fegurð plantnanna. Fallegir pottar sem geta vel staðið einir og sér eða með öðrum. Þeir eru úr leir, fáanlegir í þremur litum; hvítum, dökkgrænum og drapplitu.

littala kynnti einnig nýverið hagnýta vöru á markað; vökvunarflöskur. Þær eru gagnleg leið til þess að vökva plöntur þegar fólk er að heiman í lengri tíma. Flaskan er fyllt með hreinu vatni og henni ýtt varlega ofan í moldina í uppréttri stöðu. Vatnshylkið sér til þess að plantan sé vökvuð með jöfnu millibili í u.þ.b. viku. Ein vökvunarflaska dugar fyrir litla heimilisplöntu meðan stærri plöntur gætu þurft tvær flöskur. Þær koma tvær í pakka, í tveimur mismunandi stærðum.



nettoline





Friform

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is
Mán. – Fim. 10–18
Föstudaga. 10–17
Laugardaga. 11–15

Sjá nánar á islandshotel.is/tilbod

ÍSLANDSHÓTEL

TILBOÐ HJÁ ÍSLANDSHÓTELUM

GÆÐASTUND Á GRAND

Grand Hótel Reykjavík



Gisting fyrir tvo í Tower View herbergi
á Grand Hótel Reykjavík
Morgunverðarhlaðborð
Tveggja rétta kvöldverður á Grand Brasserie
Aðgangur fyrir tvo í Reykjavík Spa

Bókaðu í síma 514 8000
eða info@grand.is

Tilboðsverð: 29.900 kr.

ÖLL TILBOÐIN ER HÆGT AÐ FÁ SEM GJAFABRÉF

Rómantík í REYKHOLTI

Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Reykholti, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í Krauma

Bókaðu í síma 435 1260
eða reykholt@fosshotel.is

FOSSHOTEL REYKHOLT





Einstakt tilboð fyrir tvo 29.900 kr.

Huggó á Húsavík
sjóböð og slökun




Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Húsavík, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í GeoSea sjóböðin

Tilboð fyrir tvo á 25.900 kr.

FOSSHOTEL HÚSAVÍK

Bókaðu í síma 464 1220 eða husavik@fosshotel.is



Reykjavíkurnætur
Á FOSSHÓTEL REYKJAVÍK

Gisting í standard herbergi á **Fosshótel Reykjavík** ásamt brunch hlaðborði á **Haust Restaurant** fyrir tvo og að auki frítt bílastæði í bílastæðahúsi.

Bókist í gegnum netfangið
res.reykjavik@fosshotel.is
eða á vefnum islandshotel.is/tilbod

FOSSHOTEL REYKJAVÍK








FOSSHOTEL

Grand Hótel Reykjavík

Hótel Reykjavík Centrum

ILVA

Sparaðu
20-40%
AF ÖLLUM SÓFUM, SÓFABORÐUM HÆGINDASTÓLUM OG MOTTUM
5. - 23 MARS



CLEVELAND 3JA SÆTA ljósbleikt áklæði. fætur úr furu. L208 cm.
94.900 kr. Nú 69.900 kr.

Sparaðu
25%
AF ÖLLUM MOTTUM



80x250 cm
NÚ 6.743
JOYE MOTTA
Bómull. Ýmsir litir.
80x250 cm. 8.990 kr. **NÚ 6.743 kr.**
SPARAÐU 2.247 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ILVA.is
laugardaga og sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30

Afþreying

KROSSGÁTA



		ÁVÖXTUR	FUGL		KULDI	TVEIR EINS	LYKT	ÓHINDRAÐ-UR		LABBA	ÁI
SKÝRT											
TVEIR EINS				VOLA / MÖRGU					FRÁ / KLÓ		
RÁNDÝRA						OP / MARGS-KONAR					
ÍÞRÓTT							VERKFÆRI / GLYRNA				GJÓSA
ÓSKAR			GUFU-HREINSA / KUNNINGI					ELDSNEYTI / BAÐA			
	↓	Á ENDANUM	HRÓP	DANS					LAP / KÚFFYLLA			Í RÖÐ	
EGGJA-RAUÐA						AÐGÆTA / FUGL						BÝLI / KRYDD		
FUGLA-HLJÓÐ				STUTTUR / GRANALDIN						KLIFA / STAPPA				
Í RÖÐ			SAMTALS / NIÐUR					ÞURFA-LINGUR / TÍSKU					ÞILFAR	SÓT
LOFT-TEGUND					VEIÐA / SAMTÖK						BÁRA / HÆFILEIKI			
		ÞÉTT / FLOKKUR					ÞRÁÐUR / RAUSA					LÆRIR / BEITU-SKEL		
OTA						KAUPSTAÐ / SPENDÝR			KLASTUR / GNÆFA YFIR				LISTA-MAÐUR / STOPPA Í	
VINKONA					ÓSKIPT / ÓGÆTINN					KÁKA / MERGÐ				
HREYFING			KÚSTA / NÆÐI					SEFAST / VERSLUN					ÞANGAÐ TIL	FÁLM
BÓK				AUKI / ÁTT							LAUN			
EINRÆKTA						KVK NAFN					GINNA			
ANGAR						EINKENNI					BAKTAL			

Létt

	6	3					7	5
2					8	6		
1	9		5					4
	4				1			8
				3				
9			8				1	
4					7		5	3
		6	4					9
7	1					4	6	

Miðlungs

	7				3		6	
					5	8	7	
5			9		7			4
3						1	8	
9	5						3	6
	1	7						5
7			3		1			8
	4	2	8					
	3		5				9	

Erfið

	9		4	7				
	4		2				8	7
	2				5	9		3
6								
4			7		1			9
								1
1		7	8				9	
3	8				4		7	
				2	7		1	

Kannaðu þekkingu þína á mannlif.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.




1

Yfir hverju eru fyrrverandi eiginkona Boris Johnson og börn miður sín?



2

Ingibjörg B. Grétarsdóttir, nuddari og deildarstjóri á leikskóla, og tónlistarmaður nokkur skráðu sig nýverið í samband á Facebook. Hvað heitir kappinn?




4

Af hverju hefur stjórn Viðreisnar ákveðið að fresta Landsþingi flokksins sem átti að fara fram dagana 14. og 15. mars?



5

Hvað fékk lag Daða Freys og Gagnamagnsins, Think About Things, mörg atkvæði alls í símakosningu í Söngvakeppninni?



3

Af hverju fékk tónlistarmaðurinn Post Malone sér tattú á andlitið?

ergomotion®

Upphaf nýrra **drauma!**

Stillanlegir heilsudagar.
20% afsláttur af öllum
stillanlegum heilsurúmum.



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

20%
af öllum stillanlegum heilsurúmum

Tilboðsverð frá
307.608 kr.
Hjónarúm 2x90x200 cm
Fullt verð frá 384.510 kr

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Gestgjafinn

VEISLA FRÁ BOTNI MIÐJARÐARHAFS

Mið-austurlenskur veislumatur

Í Mið-Austurlöndum og fyrir botni Miðjarðarhafsins er vinsælt að bera fram samansafn smárétta fyrir fólk til að deila, eitthvað í líkingu við spænskt tapas og er slíkt oft nefnt meze. *Misjafnt er hvaða réttir rata á borðið eftir landi og menningarsvæðum. Í löndum Íslam er meze oft borið á borð til að rjúfa föstu þegar sólin sest í mánuðinum ramadan, í sumum löndum er meze borið fram með áfengi sem heil máltíð en annars staðar er það hugsað sem forréttur. Orðið finnst, með ólíkri stafsetningu þó, í öllum fyrrum löndum Ottómanveldisins og er dregið af persneska orðinu mazze sem hægt er að þýða sem smakk eða snarl.*

Umsjón / Nanna Teitsdóttir Stílisti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir Myndir / Hallur Karlsson

Hér eru uppskriftir að tveimur réttum, sem eru innblásnir af meze-réttum Miðjarðarhafsins.

Grillaðara risarækjur á spjóti

fyrir 3-4

½ tsk. salt
2 msk. ólífuolía
2 msk. harissa
350 g risarækjur
kóríanderlauf

Blandið saman salti, ólífuolíu og harissa og veltið risarækjunum upp úr því. Þræðið risarækjurnar upp á spjót en passið að hafa svolítið bil á milli þeirra. Hitið grill að meðalháum hita og grillið rækjurnar í u.þ.b. 2 mín. báðum megin. Raðið á fallegan bakka og sáldrið ferskum kóríanderlaufum yfir.

Harissa er sterkt chili-kryddmauk sem er notað mikið í matseld Túnisbúa og fæst nú í betri matvörubúðum. Harissa er mjög gott sem marinering fyrir kjúkling og kartöflur en einnig er hægt að bera það fram með kjötréttum, fiski eða hræra því út í súpur og kássur.



Grillaðara risarækjur á spjóti.



Grillaður Halloumi-ostur

fyrir 3-4

2 pakkningar halloumi-ostur
2 msk. ólífuolía
svartur pipar
chili-flögur

Hitið grillið að meðalháum hita. Þerrið halloumi-ostinn vel með eldhúspappír og penslið hann síðan með ólífuolíu. Grillið í 3-4 mín. á hvorri hlið eða þar til osturinn er orðinn fallega gylltur. Flytjið yfir á disk, sáldrið mikið af ólífuolíu yfir ásamt möluðum svörtum pipar og chili-flögum. Berið strax fram.

Kúskús með karmelliseruðum lauk, kisuberjatómötum og kryddjurtum

fyrir 4-6

250 g kirsuberjatómatar
2 rauðlaukar, þunnt sneiddir
2 tsk. hunang
2 tsk. kumminduft
60 g þurrkaðar apríkósur, skornar í litla bita
30 g þurrkuð trönuber
500 g kúskús
800 ml sjóðandi vatn
2 msk. ólífuolía
1 tsk. salt
25 g smjör, skorið í bita
1 agúrka, skorin í bita
100 g pistasíuhnetur, ristaðar á pönnu og saxaðar
50 g blandaðar ferskar kryddjurtir, t.d. kóríander, dill og/eða steinselja, söxuð
safi úr 1 sítrónu, eða meira eftir smekk
granateplafræ, má sleppa

Hitið ofn í 200°C. Skerið kirsuberjatómatana í tvennt og setjið á ofnplötu, dreifið smávegis ólífuolíu yfir og sáldrið 1 msk. af grófu sjávarsalti yfir. Bakið í miðjum ofni þar til tómatarnir linast og hýðið fer að losna frá. Takið úr ofninum og lækkið hitann niður í 140°C. Hitið ólífuolíu á pönnu og bætið við lauk, hunangi og kumminduft ásamt salti og pipar. Eldið þar til laukurinn er orðinn dökkur og mjög mjúkur, u.þ.b. 15-20 mín. Takið af hitanum og hrærið apríkósubita og trönuber saman við, setjið til hliðar. Takið fram mót sem er u.þ.b. 20x30 cm stórt. Hellið kúskúsinu út í formið ásamt ½ tsk. af salti, blandið saman og sléttið.

Hellið 800 ml af sjóðandi vatni yfir kúskúsið, sáldrið smávegis ólífuolíu yfir, hrærið og hyljið síðan með álpappír, gætið þess að þjappa álpappírnum þétt með fram hliðum formsins. Látið standa í 10 mín., setjið síðan smjörteningana út í kúskúsið og lokið aftur þétt með álpappírnum og bakið í miðjum ofni í 20 mín. Fjarlægið úr ofninum og rakið í gegnum kúskúsið með gaffli til að losa um alla köggla, látið kólna í smástund og setjið síðan í stóra skál.

Bætið rauðlauknum, trönuberjunum og apríkósunum saman við og hrærið. Bætið kirsuberjatómötum, agúrku, pístasíuhnetum og megninu af kryddjurtunum og hrærið varlega saman. Hrærið saman sítrónusafa, ólífuolíu, salt og pipar saman, smakkið og blandið saman við kúskúsið. Sáldrið afganginum af kryddjurtunum yfir ásamt granateplafræjunum áður en salatið er borið fram.

anamma

Spennandi lína af vegan vörum

























Lífstykkjabúðin
Fákafeni 9 | 108 Reykjavík
S:551-4473







Texti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir

g

Gestgjafinn

GOTT LESEFNI

Fjölbreyttar og fróðlegar

Metnaðarfullum sælkerum finnst fátt skemmtilegra en að eignast góða matreiðslubók og hér bendi ég á nokkrar áhugaverðar og vandaðar bækur. Sumar bókanna fást í Eymundsson en allar er hægt að panta á Netinu.



„Mjög nútímaleg og góð bók fyrir þá sem þykir gaman að bjóða fólki í mat.“

NOTHING FANCY – THE ART OF HAVING PEOPLE OVER
Alison Roman

Einstaklega góð bók sem margir matarnördar hafa beðið eftir. Alison Roman er mörgum kunn enda skrifar hún fyrir ýmis þekkt tímarit en hún gaf einnig út bókina Dining in. Bókin hefur verið tilnefnd sem besta bók vetrarins af Food & Wine, Vogue, The New York Times, Formges og Bon Appétit svo eitthvað sé nefnt. Nothing Fancy hefur að geyma fjöldann allan af uppskriftum sem henta fyrir afslöppuð og hversdagsleg matarboð. Mjög nútímaleg og góð bók fyrir þá sem þykir gaman að bjóða fólki í mat án þess að það sé of formlegt eða flókið.


WHEN PIES FLY
Cathy Barrow

Fátt er skemmtilegra en að baka góða böku, hvort sem hún er sæt eða ósæt. Bökuuppskriftir þurfa að vera nákvæmar og góðar og því miður eru þær ekki allar þannig en When Pies Fly er einstaklega vel gerð bók með nákvæmum útskýringum um deigið, undirstöðuatriðið í öllum bökum. Hér eru allskonar bökur, gallettes, tartes og philo-deig svo fátt eitt sé nefnt. Mælieiningarnar í bókinni eru ameríska þar sem hún er gefin út í Bandaríkjunum en henni fylgir tafla til að umreikna í evrópskar mælieiningar.



„When Pies Fly er einstaklega vel gerð bók með nákvæmum útskýr-ingum.“

„Bókin er gefin út af hinum vinsæla veitinga-stað Dis-hoom.“




DISHOOM
Shamil Thakrar, Kavi Thakrar & Naved Nasir


Indverskur matur hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi og því ekki úr vegi að benda á eina frábæra indverska matreiðslubók sem er reyndar í senn unaður fyrir augað því hún er full af lifandi og skemmtilegum myndum frá Mumbai. Bókin er byggð upp út frá degi í borginni, svo hér gefur að líta morgunmat, miðmorgun-verðarhressingu, hádegisrétti, kvöldverði og kvöldsnarl svo fátt eitt sé nefnt. Bókin er gefin út af hinum vinsæla veitingastað Dishoom en fyrsti slíki staðurinn var opnaður í Covent Garden árið 2010 en hann þykir með þeim betri á sínu sviði í Bretlandi.

THE JEWISH COOKBOOk
Leah Koenig

Miðausturlenskt og Miðjarðarhafsmataræði hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár með Ottolenghi í fararbroddi. Þessi bók er einstaklega efnismikil en hún hefur að geyma yfir 400 uppskriftir sem endurspegla fjölbreytileikann í matargerð gyðinga um víða veröld og sýnir hvernig búseta á mismunandi svæðum í heiminum hafði áhrif á matargerð þeirra. Vel má sjá áhrif frá Mið-Austurlöndum, Afríku, Asíu, Ameríku og Evrópu í sumum uppskriftunum. Bókin er einstaklega aðgengileg og stílhrein.

„Þessi bók er einstaklega efnismikil en hún hefur að geyma yfir 400 uppskriftir.“





„Bókin er bæði not-endavæn og að-gengileg með ýmsum fróðleik.“

WOK ON – DELICIOUSLY BALANCED MEALS IN 30 MINUTES OR LESS
Ching-He Huang

Nútímaleg og aðgengileg bók þar sem wok-pannan er í aðal-hlutverki. Uppskriftirnar eru ferskar, fljótlegar og fjölbreyttar þar sem matargerð frá ýmsum löndum í Asíu kemur við sögu og mætti nefna rétti frá Hong Kong, Malasíu, Taívan og Víetnam. Bókin er bæði notendavæn og aðgengileg með ýmsum fróðleik. Margar uppskriftanna innihalda mikið af grænmeti og því ættu grænkerar að finna eitthvað við sitt hæfi.

Þórólfur Ingi Þórsson afreksíþróttamaður í langhlaupum
og Sonja Skarpaas Þórólfsdóttir

FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

Ísey skyr fæst nú í nýjum hentugum umbúðum til að grípa með sér á ferðinni, eftir æfingu eða sem nesti.



Texti / Friðrika Benónýsdóttir Myndir / Auðunn Níelsson

Viðtal

BJARKLIND ÁSTA BRYNJÓLFSDÓTTIR

Á sviðinu frá sjö ára aldri

Þótt Bjarklind Ásta Brynjólfsdóttir sé ekki nema tvítug er hún reynslubolti í leiklistinni og hefur tekið þátt í sýningum Leikfélags Akureyrar frá sjö ára aldri, nú síðast í uppsetningu Leikfélagsins á söngleiknum Vorið vaknar, sem er í sýningu um þessar mundir. *Hún æfir jafnframt dans og er að læra söng við Tónlistarskólann á Akureyri en það er þó leiklistin sem á huga hennar allan og hún stefnir á að gera hana að ævistarfi.*

Ég hef tekið þátt í sýningum hjá LA alveg síðan ég var lítil," útskýrir Bjarklind Ásta. „Ég fór í allar prufur sem voru í boði og alveg frá því ég prófaði fyrst að leika hefur mig bara langað að halda því áfram."

Fyrsta atvinnusýningin sem Bjarklind tók þátt í var Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur, þá sjö ára gömul, en áður hafði hún sótt nokkur leiklistarnámskeið hjá Leikfélaginu. Hlutverk hennar í Vorið vaknar er þó eitt það stærsta sem hún hefur tekist á við til þessa.

„Þetta er samt ekki eitt af aðalhlutverkunum," segir hún og hlær. „Bara svona meðalstórt."

Söngleikurinn er eftir þá Duncan Sheik og Steven Slater en byggir á leikriti Franks Wedekind frá árinu 1891, eru þau vandamál sem unglingarnir í verkinu takast á við eitthvað svipuð þeim sem unglingar glíma við í dag?

„Já, að einhverju leyti," segir Bjarklind hugsi. „Þótt það sé meiri fáfræði í gangi á þeim tíma sem verkið gerist á þá vilja unglingar í dag líka fá meiri fræðslu um kynlíf og þær tilfinningar sem ég held að flestir á þessum aldri upplifi enn í dag. Mesti munurinn er kannski að í dag fær fólk frelsi til að tala um þessar tilfinningar og upplifa þær í friði."

Langar að læra leiklist í London

Bjarklind lauk stúdentsprófi af heilbrigðisviði frá MA síðastliðið vor, hver eru framtíðarplönin? Ætlar hún ekki að mennta sig meira í leiklistinni?

„Ég fór í prufu fyrir sviðslistadeildina í Listaháskólanum og komst ekki inn," útskýrir hún. „Þannig að ég ákvað að bíða og reyna aftur eða leita fyrir mér með nám í leiklist erlendis. Mig langar mikið að læra í London, ef ég kemst ekki inn á Íslandi, en það kemur bara allt í ljós hvernig það fer."

Þannig að leiklistin er ofar á áhugasviðslistanum en tónlistin og dansinn?

„Já, í augnablikinu allavega," segir Bjarklind og hlær. „Ég hef æft dans síðan 2008 og er í söngnámi hjá Þórhildi Örvarsdóttur við Tónlistarskólann hérna, en leiklistin er samt það sem ég hef mestan áhuga á í bili, þótt þetta skarist auðvitað allt saman."

Spurð hvort hún sé að læra klassískan söng og stefni kannski á frama á óperusviðinu með fram leiklistinni neitar Bjarklind því.

„Ég er að læra djass- og dægurlagasöng," útskýrir hún. „Mér finnst rosalega gaman að syngja og byrjaði eiginlega á því um leið og ég byrjaði að tala en þegar ég fæ tækifæri í leiklistinni, sem er auðvitað ekkert alltaf, þá lendir söngurinn í öðru sæti, þótt þetta tengist allt saman meira og minna og sé á svipuðum stað í forgangsröðinni hjá mér."

Starfsemi Leikfélagsins blómstrar

Stundum er lögð mikil áhersla á að gera skörp skil á milli áhugaleikara og menntaðra leikara en Bjarklind segist aldrei hafa fundið fyrir neinum fordómum í sinn garð frá því leiklistarmenntaða fólki sem hún hefur unnið með, eiginlega þvert á móti.

„Þau eru bara öll yndisleg," segir hún og brosir út að eyrum. Þetta er algjörlega frábært fólk og mjög gott og gaman að vinna með því."

Fyrir nokkrum árum kom smávegis bakslag í starfsemi Leikfélags Akureyrar en Bjarklind fullyrðir að nú sé félagið aftur farið að blómstra og ætli sér stóra hluti.

„Starfsemin hefur algjörlega blómstrað síðan Marta Nordal tók við sem leikhússtjóri," segir hún. „Hún hefur verið að gera frábæra hluti hérna og Leikfélagið, tónlistarhúsið Hof og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands eru öll komin undir hatt Menningarfélags Akureyrar þannig að það eru oft mjög skemmtileg samstarfsverkefni í gangi."

Bjarklind er ekki algengt fornafn en Bjarklind Ásta segir samt að þær séu að minnsta kosti sjö á Íslandi sem beri það. Hún segir nafnið algjörlega út í bláinn og hún hafi enga tengingu við ættina sem hefur Bjarklind sem eftirnafn.

„Fólk spyr mjög oft hvort ég sé skyld þeim," segir hún. „En ég er það ekki og þekki engan sem heitir þessu eftirnafni, þannig að ég verð stundum pínu þreytt á þessari spurningu. Þetta er bara nafnið mitt."

Fótboltinn ekki að gera sig

Bjarklind er fædd og uppalin á Akureyri, hvernig er að alast upp í bænum?

„Mér finnst þetta mjög góður staður," segir hún. „Það er gott að vera hérna. Ég bý enn þá heima hjá foreldrum mínum og býst við að gera það þangað til ég kemst inn í leiklistarnám einhvers staðar."

Hefurðu einhvern tíma til að sinna einhverjum öðrum áhugamálum en þessum þremur listgreinum; leiklist, söng og dansi?

„Þær eru að minnsta kosti aðalmálið," segir Bjarklind. „Það er kannski ekkert voðalega mikill tími fyrir neitt annað. Ég var í fótbolta þegar ég var yngri en það var ekki alveg mitt svið og var eiginlega ekki að gera sig."

Fyrir utan vinnuna hjá Leikfélagi Akureyrar hefur Bjarklind líka verið þátttakandi í starfsemi frjálsra leikhópa en er það þó ekki eins og er.

„Ég hef sett upp sjálfstæða sýningu með vinum mínum," útskýrir hún. „Það var fyrir nokkrum árum og við fengum þá smávegis aðstoð frá Leikfélaginu. Við sýndum barnasýningu sem hét Ævintýri í Inniskógi og einnig sýninguna Listin að lifa tveimur árum seinna. Í fyrri sýningunni vorum við á aldrinum tólf til sextán ára og sömdum verkið sjálf og settum upp. Það var mjög skemmtileg reynsla að fá aðeins að prófa að vinna þetta allt saman sjálf."

> ***Ég fer bráðum að verða einn elsti starfsmaðurinn í húsinu, en ég er samt auðvitað rétt að byrja. Vonandi fæ ég mörg fleiri tækifæri í framtíðinni.***

Væri til í taka þátt í Eurovision

Hver er framtíðardraumurinn? Hollywood?

„Ja, hver veit," segir Bjarklind og skellir upp úr. „Draumurinn er náttúrlega bara að fá að starfa sem leikkona, en ég hef ekki enn þá leikið í neinum kvikmyndum. Ég myndi alveg vilja prófa það."

En hvað um sönginn? Þig dreymir ekki um að stofna eigin hljómsveit og taka kannski þátt í Eurovision eða eitthvað slíkt?

„Ég hafði allavega mikinn áhuga á því sem krakki að komast í Eurovision," segir Bjarklind og kímir. „Og kannski bara gerist það einhvern tíma. Ég hef ekki enn þá haldið einkatónleika en það er hugsanlega á dagskránni fljótlega, það er ekki alveg komið á hreint. Ég hef stundum sungið ein með hljómsveit og hef tekið þátt í tónleikum þar sem eru fleiri sem syngja saman, það fer því alveg að verða tímabært að skella í einkatónleika og kemur að því von bráðar."

Spurð hvað hún hafi tekið þátt í mörgum uppfærslum Leikfélags Akureyrar þarf Bjarklind aðeins að hugsa sig um.

„Þetta er sjöunda sýningin sem ég tek þátt í hjá Leikfélaginu," segir hún svo. „Ég fer bráðum að verða einn elsti starfsmaðurinn í húsinu, en ég er samt auðvitað rétt að byrja. Vonandi fæ ég mörg fleiri tækifæri í framtíðinni."



Hlutverk Bjarklindar í Vorið vaknar er eitt það stærsta sem hún hefur tekist á við til þessa.

NIVEA

NJÓTTU NÁTTÚRULEGRA AUGNABLIKA LÍFSINS.



NÝTT

NATURALLY **GOOD**

INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA

100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR

NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR

99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI

Texti / Sigríður Elín Ásmundsdóttir Myndir / Mynd / Aldís Pálsdóttir



„Mér finnst stórkostlegt að geta skapað eitthvað fallegt, hvort sem það er fyrir mig sjálfa eða annað fólk. Ljósmyndun heldur mér á tánum.“

„Mér leiðist aldrei“

Unnur Magna er ljósmyndari á uppleið; listræn og fagleg. *Henni finnst erfitt að skilgreina hvers konar ljósmyndari hún er, en segir að hún hafi verið listræn alla tíð og að ljósmyndun haldi sér á tánum.*

Hvernig ljósmyndari ertu? „Mér finnst alveg svakalega erfitt að skigreina mig þar sem ég elska mismunandi verkefni. Ætli það megi ekki segja að ég sé ljósmyndari fólksins, þar sem ég tek mest myndir af fólki og viðburðum í lífi fólks. Hef mikið myndað brúðkaup og portrett. Þar að auki tek ég myndir af fallegri náttúru og bara því sem fangar athygli mína hverju sinni á ferð um bæinn eða landið.“

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að læra ljósmyndun? „Mig langaði að sameina áhugamálið mitt og starfsframa. Þegar maður vinnur við áhugamálið sitt, eitthvað sem manni er virkilega kært og efst í huga allan daginn, er alltaf gaman að mæta í vinnuna. Þar að auki þurfti ég að næra sköpunarkraftinn og fá listræna útrás. Mér finnst stórkostlegt að geta skapað eitthvað fallegt, hvort sem það er fyrir mig sjálfa eða annað fólk. Ljósmyndun heldur mér á tánum og mér leiðist aldrei.“

Hvað finnst þér skemmtilegast að mynda? „Ljósmyndir sem segja einhverja sögu eða vekja einhverja tilfinningu koma efst í hugann. Mér finnst bara skemmtilegt að mynda – punktur. En svona í fullri alvöru þá finnst mér skemmtilegast að mynda fólk, mér finnst fólk mjög áhugavert. Ætli það gefi mér ekki mest að blanda saman ljósmyndun og mannlegum samskiptum við mismunandi fólk, á mismunandi aldri, úr mismunandi áttum. Skemmtilegust eru síðan ekta augnablikin; þegar maður fangar ekta tilfinningar, hverjar sem þær eru. En að því sögðu þá finnst mér líka götuljósmyndun og seríu-ljósmyndun mjög áhugavert listform, mig langar að gera meira af því.

Síðan er ákveðin þerapía fólgin í því að vera einhvers staðar að mynda fallegt landslag eða pínulitlu smáatriðin í veröldinni sem því miður ekki allir sjá, það er svona mitt jóga. Back to basics-filmuljósmyndun finnst mér líka mjög skemmtileg og ég á gamla Olympus-filmuvél sem góður félagi gaf mér. Það er eitthvað ótrúlega skemmtilegt við það að framkalla sjálfur í myrkrakompu og góð tilbreyting frá þessu digital, en það er tímafrekt. Ég þyrfti samt sem áður að koma mér upp svoleiðis aðstöðu.“



„Þessi mynd var tekin á æskuslóðum mínum, í Laugardalnum í Reykjavík, í ljósaskiptunum á digital-vél, þegar farið var að rökkva og loftið var rakt. Mér þykir mjög vænt um þessa mynd og fyrir mér er hún áminning um það að það þarf ekki allt að vera fullkomið til að vera fallegt.“



Hvaðan færðu innblástur? „Aðallega úr umhverfinu hverju sinni, ljósi og skuggum, stundum verkum annarra ljósmyndara, stundum úr áhugaverðum samræðum, listasýningum eða fallegum blöðum. Ef mig virkilega vantar innblástur eða á erfitt með að finna hann, þarf ég stundum að jarðtengja mig og þá leita ég svara við sjóinn. Þú gætir fundið mig í fjöru við íhugun einhvern daginn.“

Hefur ljósmyndum alltaf heillað? „Alveg frá því að ég man eftir mér hafa ljósmyndir heillað mig, ætli áhuginn hafi ekki fyrst kviknað þegar National Geographic kom inn um lúguna á æskuheimilinu og maður rýndi í ljósmyndirnar og allt það stórkostlega sem það blað stendur fyrir. Auk þess hef ég alla tíð verið listræn og mjög meðvituð um umhverfið, liti, form og myndbyggingu.“

Hvaða ljósmyndarar eru í uppáhaldi? „Steve MacCurry, Irving Penn, Mary Ellen Mark og Vivian Meyer.“

Hvar fást myndirnar þínar? „Hafi fólk áhuga á að kaupa af mér mynd eða ráða mig í verkefni má endilega hafa samband við mig í gegnum heimasíðuna mína, www.unnurmagna.com.“

> ***Alveg frá því að ég man eftir mér hafa ljósmyndir heillað mig.***

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

LAGERSALA

SÍÐUSTU EINTÖKIN

50% AFSLÁTTUR

Verðdæmi

50%

ISABELLA - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 47.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 41.790 KR

FULLT VERÐ 83.580 KR

50%

DAISY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 37.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 36.790 KR

FULLT VERÐ 73.580 KR

50%

POPPY - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 15.290 KR

FULLT VERÐ 31.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 33.790 KR

FULLT VERÐ 67.580 KR

50%

GRACE - 160X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 16.420 KR

FULLT VERÐ 32.840 KR

180X200 CM DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 34.290 KR

FULLT VERÐ 68.580 KR



Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Guðmundur Andri Hjálmarsson

a

Albumm

TÓNLIST

Dvelur ekki í fortíðinni

Plata raftónlistarmannsins Yagya, a.k.a. Aðalsteins Guðmundssonar, Old dreams and memories, er væntanleg þann 13. mars. *Síðasta plata kappans, Stormur, sem kom út á síðasta ári var mestmegnis kraftmikið laglínulaust teknó út í gegn, og því óhætt að segja að Yagya feti nýjar slóðir á þessari plötu sinni, því hún er melódískari en annað sem tónlistarmaðurinn hefur sent frá sér.*

„Ég vissi ekki alveg hvernig tónlistin myndi þróast,“ viðurkennir Aðalsteinn hreinskilnislega fyrir blaðamanni. „Hún bara mótaðist smám saman. Ég ákvað að reyna að blanda saman strengjum og raftónlistinni minni þótt ég kynni það ekki beinlínis. Samdi strengina í tölvunni, sendi nóturnar út til Los Angeles, þar sem þeir voru teknir upp og fékk til baka upptökur sem ég mixaði svo inn í lögin,“ lýsir hann og segist vera ánægður með útkomuna.

Óhætt er að segja að Aðalsteinn fari ýmsar áhugaverðar leiðir á plötunni. Sem dæmi um það fékk hann japönsku söngkonuna Natsuko til að syngja á plötunni ljóð eftir Michizō Tachihara, ljóðskáld og arkitekt frá Tókýó, sem lést úr berklum árið 1939. „Hún söng ákveðna kafla og sendi mér svo upptökurnar frá Kyoto,“ útskýrir hann og getur þess að ljóð Tachihara séu mjög falleg í flutningi Natsuko. Hann bætir við að á lokastigum hafi honum fundist vanta eitthvað „oomph“ í miðkafla plötunnar þannig að hann hafi fengið Óskar Guðjónsson saxófónleikara til að spila spuna á lúðurinn sinn yfir eitt strengjalausa lagið og það hafi komið mjög vel út.



Raftónlistarmaðurinn Yagya, öðru nafni Aðalsteinn Guðmundsson.

Spurður út í tónlistarsköpunina almennt segir Aðalsteinn að eftir að hafa heillast af þýsku naumhyggjuteknói, einkum Basic Channel, Maurizio og GAS, hafi hans eigin hljómur verið tiltölulega sjálfsprottinn. „Hljóðheimur minn einkennist af miklum bassa og frekar mjúkum hljóðum, það er ekki mikið um „transients“. Ég er nánast viss um að það er af því að ég verð svo þreyttur að hlusta á hátíðni í langan tíma,“ játar hann og segist semja tónlistina sína með það í huga að geta hlustað á hana aftur og aftur. Auk þess reyni hann að gera tölvuhljóðin frekar „organic“ með því að bæta við sveiflum í hljóðin og jafnvel suði eða upptökum á lágstemmdum umhverfishljóðum.

Þú varst unglingur á tíunda áratug síðustu aldar, þegar raf- og danstónlist var hvað vinsælust. Hvernig fannst þér þessi tími og hvaða áhrif hefur hann haft á tónlistina þína? „Ég bara heillaðist af þessu öllu saman,“ svarar hann hreinskilinn, „hardcore“-tónlistinni sem Þórhallur og Aggi spiluðu á b-hliðinni, teknóinu í Partyzone og harða teknóinu sem DJ Frímann spilaði.“ Hann segir að þessi tónlist hafi haft mikil áhrif á sig enda hafi hann haldið áfram að gera teknó- og ambient-tónlist í marga áratugi eftir að hafa kynnst henni sem unglingur. Hann segist hins vegar ekki mikið gefinn fyrir nostalgíu, því haldi hann ekki upp á þessa tónlist í dag.

> „Mér er pínulítið létt að þurfa ekki að spá í að láta tónlistina mína passa í eitthvað ákveðið form innan raftónlistargeirans.“

Aðalsteinn segist stundum vera tilraunakenndur í sinni tónlistarsköpun, fari út fyrir línurnar sem skilgreina teknó og ambient, og þar af leiðandi komið fyrir að honum gangi erfiðlega að finna útgáfufyrirtæki sem henti tónlist sinni. Upp á síðkastið hafi hann unnið mikið með hollenska útgáfufyrirtækinu Delsin Records. „Ég og Delsin Records ákváðum að stofna nýtt plötufyrirtæki sem nefnist Small Plastic Animals. Þar get ég gefið út tónlist án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að passa inn í eitthvað fyrirfram ákveðið form.“

Hvað er fram undan? „Ég er nú þegar byrjaður á næstu plötu en geri ekki ráð fyrir að klára hana fyrr en á næsta ári. Sú plata kemur einnig út hjá Small Plastic Animals, sem ég er mjög spenntur fyrir; mér er pínulítið létt að þurfa ekki að spá í að láta tónlistina mína passa í eitthvað ákveðið form innan raftónlistargeirans.“

Sænsk-íslenski tónlistarmaðurinn Freyr Flodgren gefur út nýtt lag

Sænsk-íslenski tónlistarmaðurinn **Freyr Flodgren (Rögnvaldsson)** komst á samning hjá **Nettwerk Music Group** í fyrra eftir að hafa á eigin spýtur gefið út lögin **Over My Head** og **I'm Here**, en lögin vann hann í samstarfi við **Tyler Neil Johnson** sem hefur unnið með tónlistarmönnunum **Joshua Hyslop**, **Austin Basham**, **Otha** og fleirum. Ári síðar eru tíu lög til viðbótar að líta dagsins ljós. Fyrsta lagið sem við fáum að heyra er **I'm sorry**, sem er tregafullt og rómantískt lag en samt með létta sveiflu og minnir að vissu leyti á **Jose Gonzales**; hunangsmjúkri rödd og klassískum gítar er vafið inn í bít sem mann langar að dansa við. ***Hægt er að hlusta á lagið á Albumm.is***





Texti / Steinar Fjeldsted

Sótti innblástur í Kjarvalsmálverk

Tónlistarkonan Jóhanna Elísa hefur gefið út tónlistarmyndband við lagið Queen of Winter. Lagið, sem má segja að sé ævintýri líkast, er undir áhrifum frá Kjarvalsmálverki og fjallar um vetrardrottningu sem setur landið í vetrarbúning. Myndbandið snýst um spennandi og skemmtilega sögu sem fjallar um þrjár verur: haustið, veturinn og sólina og endurspeglar stigmagnandi atburðarás lagsins.

Myndbandið vann Jóhanna með Dananum Nikolaj Trane Karstenberg, sem annaðist upptökur og eftirvinnslu. „Það eru forréttindi að vinna með svona hæfileikaríku fólki,“ segir Jóhanna, en Sandra Björk Jónasdóttir þjóðfræðingur og dansarinn Linde Rongen komu einnig að gerð myndbandsins.

Vídeóið er það þriðja sem Jóhanna sendir frá sér. Lagið Queen of Winter er hins vegar fyrsta lagið af væntanlegri plötu hennar en tónlistarkonan sótti innblástur í ýmis málverk við gerð hennar. Þess má geta að Jóhanna Elísa hefur verið dugleg að koma fram með hljómsveit sinni, sem inniheldur meðal annars strengjakvartett, en tónlist hennar dansar á milli popps og klassískrar tónlistar.

Ingibjörg Elsa og sveit með tónleika í Hörpu

Ingibjörg Elsa Turchi blæs til tónleika í Kaldalóni í Hörpu ásamt hljómsveit sinni þann 27.mars. Á efnisskránni verður endurunnin tónlist af plötu hennar Wood/Work, sem kom út árið 2017 hjá SMIT records, í bland við nýtt óútgefið efni og spuna. Á vormánuðum er svo væntanleg ný plata sveitarinnar á vegum Reykjavik Record Shop en sveitin hljóðritaði hana síðasta haust.



Ingibjörg hefur verið sýnileg í íslensku tónlistarlífi síðustu ár og komið fram með mörgum af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar, svo sem Emilíönu Torrini, Bubba Morthens, Teiti Magnússyni, Stuðmönnum og fleirum. Þar að auki hefur Ingibjörg komið reglulega fram undir eigin nafni þar sem hún kannar hljóðheim rafmagnsbassans, sem er hennar aðalhljóðfæri.

Tónlist Ingibjargar má lýsa sem einskonar blöndu hins rafmagnaða og hins náttúrulega, en henni hefur í gegnum endurtekningar tekist að skapa einstakan og dáleiðandi hljóðheim, sem hún brýtur upp með melódískum bassalínum. Líta má á tónlistina sem tilraun til að víkka út mörk þess sem rafbassinn er færum.


Hljómsveitina skipa, auk Ingibjargar sem leikur á rafbassa, Tumi Árnason á saxófón, Magnús Tryggvason Eliassen á trommur, Hróðmar Sigurðsson á gítar og Magnús Jóhann Ragnarsson á píanó.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er miðaverð 3000 krónur. Miðar fást á tix.is og harpa.is.

Albumm mælir með

Elín Ey á Röntgen

Elín Ey kemur fram á tónleikum í Röntgenstofunni á efri hæð Röntgen miðvikudagskvöldið 11. mars. Elín hefur verið áberandi í íslensku tónlistarsenunni um árabil, bæði með hljómsveitinni Sísí Ey og sem sólótónlistarmaður. Húsið verður opnað klukkan 20. Forsala á tix.is.




Fríða Dís í 12 Tónum

Fríða Dís, sem gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, Myndaalbúm, hjá útgáfufyrirtækinu Smástirni, ætlar að vera á notalegu nótunum í versluninni 12 Tónum laugardaginn 7. mars. Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Enginn aðgangseyrir.



Laser Life og DAVEETH á Gauknum

Laser Life og DAVEETH koma fram á tónleikum á Gauknum fimmtudaginn 12. mars.



Frítt er inn á tónleikana en tekið verður á móti frjálsum framlögum sem verða nýtt í kaup á fleiri synthum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.

SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS

Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI











GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Texti / Guðrún Óla Jónsdóttir



Westwood þróaði hugmyndina um að nota nærfatnað sem yfirfatnað og sagt er að hinn goðsagnarkenndi brjóstahaldari sem Madonna klæddist á Blonde Ambition- tónleikaferðalaginu og Jean Paul Gaultier hannaði, hefði aldrei orðið til ef ekki hefði verið fyrir Westwood.



Eitt af frægustu augnablikum fyrirsætunnar Naomi Campell gerðist á níunda áratugnum þegar hún gekk eftir sýningarpalli á tískusýningu Westwood í París á þessum skóm, sem Westwood hannaði, og datt. Campell lét fallið ekki á sig fá og mynd af henni sitjandi skælbrosandi á tískupallinum prýddi allar forsíður dagblaða næstu daga og Campell hefur sagt að hönnuðir hafi beðið hana um að detta viljandi á sínum sýningum þar sem þetta vakti greinilega mikla, jákvæða athygli og komst í blöðin. En Campell fannst ástæðulaust að láta sig detta að óþarfa og viljandi.



Vivienne Westwood hefur komið víða við í tískunni og óhætt er að segja að hún hafi aldrei staðnað.

Beraði sig

í nærveru konungsfjölskyldunnar

Hönnuðurinn Vivian Westwood er meðal annars þekkt fyrir að hafa komið pönktískunni á kortið og er þekkt fyrir að hafa kollvarpað breskum stíl með óvenjulegri hönnun sinni. En hún er ekki bara þekkt fyrir hönnun sína heldur er hún ötull talsmaður í ýmsum málum, þar á meðal málum sem varða hlýnun jarðar og mannréttindi.

Vivienne Westwood, eða Isabel Swire eins og hún var skírð, starfaði til að byrja með sem grunnskólakennari sem þótti gaman að sauma kjóla af og til. En þegar hún hitti Malcolm McLaren, umboðsmann pönksveitarinnar The Sex Pistols, heillaði hann hana upp úr skónum og skyndilega var þessi frekar venjulega húsmóðir orðin pönkari og tískufrík.

Ögruðu eins og þau frekast gátu

Þau Westwood og Mclaren stofnuðu verslunina Let It Rock, sem var einnig þekkt undir nafninu Sex árið 1971. Í versluninni var seldur ýmiss konar varningur og fatnaður sem þótti á þeim tíma afar hneykslanlegur með öryggisnælum, rakvélarblöðum, hjólakeðjum og hundaólum með göddum. Ári síðar, 1972, var áhugi Westwood farinn að snúast að mótorhjólafatnaði, rennilásum og leðri. Westwood og McLaren fóru að hanna stuttermaboli með ögrandi skilaboðum og þau ögruðu eins og þau frekast gátu. Þegar The Sex Pistols lögðu upp laupana fór Westwood að horfa til annarra hugðarefna og árið 1981 sýndi hún sjóræningjalínuna, sem var í fyrsta sinn sem þau McLaren sýndu hönnun sína á tískupöllunum.

Ötull baráttumaður ýmissa málefna

Vivienne Westwood hefur komið víða við í tískunni og óhætt er að segja að hún hafi aldrei staðnað, heldur verið dugleg að leita á önnur mið og prófa eitthvað nýtt. Erlendir fjölmiðlar hafa sagt að Westwood hafi aldrei nokkurn tíma haft áhyggjur af því hvað öðrum finnist um hana en henni sé svo sannarlega ekki sama um pólitísk málefni, loftslagsbreytingar og mannréttindi.

Westwood hefur sjálf mátt sæta gagnrýni fyrir það að starfa í tískuheiminum sem veltir milljörðum á milljarða ofan en sé á sama tíma að grátbiðja fólk um að verða meðvitaðir neytendur. Einhverjir hafa spurt hvort ævistarf hennar stangist ekki á við trú hennar en Westwood segist alls ekki telja það. Hennar skilaboð til fólks sé að velja vel og kaupa minna. Fyrir hana skipti gæðin meira máli en magnið. Að gera eitthvað sé betra en vera lamaður af ótta við pressuna að verða að vera fullkominn og enda á því að gera ekki neitt.



Árið 1992 vakti Westwood mikla athygli þegar hún tók við OBE-orðunni frá Englandsdrottningu. Westwood klæddist kjól. Hún sneri sér í hringi fyrir framan Buckingham-höll svo það fór ekki fram hjá viðstöddum að hún var ekki í nærbuxum undir kjólnum. Hún sagðist hafa heyrt það frá starfsmanni konungshirðarinnar að drottningunni hefði fundist uppátækið svolítið fyndið.



Árið 2006 ók Westwood skriðdreka að heimili Davids Cameron, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, í mótmælaskyni við þær áætlanir hans að leyfa losun leirsteinsgass sem andstæðingar þess segja að sé hættulegt og mengandi og hafi enn meiri áhrif á hlýnun jarðar og þau vandamál sem fylgja þeim.



Eucerin®

HÝALÚRONSÝRA

10%
VÍTAMÍN C

Eucerin
HYALURON-FILLER
VITAMIN C BOOSTER
MEDICAL SKINCARE

NÝTT

MEIRI ÚTGEISLUN OG FRÍSKARA ÚTLIT

SÖNNUÐ VIRKNI Á 7 DÖGUM

Texti / Guðný Hrönn Myndir / EPA



Virginie Viard, yfirhönnuður hjá Chanel, lýsti nýju línunni sem rómantískri.

Íburðarmikið skart í aðalhlutverki á sýningu Chanel

Stórar perlur, keðjur og krossar prýddir skrautsteinum voru áberandi á sýningu Chanel á tískuvikunni í París þar sem nýjasta haust- og vetrarlína tískuhússins var frumsýnd.

Fallegar töskur með perlum og steinum voru einnig áberandi á meðan skórnir voru tiltölulega látlausir miðað við Chanel.

Virginie Viard, yfirhönnuður hjá Chanel, lýsti nýju línunni sem rómantískri. Hún sagði að öll notkun skrauts væri úthugsuð og tók fram að línan væri án óþarfa glingurs.



Pistill



Skólaus í ósamstæðum sokkum

Linda Björg Árnadóttir
hönnuður og lektor við Listaháskóla Íslands

Mynd / Saga Sig

Fréttir bárust af því nýlega að fjármálaráðherra hefði gert tilraun til þess að smána og gera lítið úr þingmanni Pírata og málflutningi hans vegna þess að hann tók til máls í þinginu skólaus og í ósamstæðum sokkum.

Getur klæðnaður, hegðun, tjáning einstaklings og frávik frá reglum samræmingar (conformity) í klæðnaði gengisfellt málflutning eða trúverðugleika mannneskju?

Getur verið að jafnsaklaus gjörningur og að taka af sér skóna (væntanlega vegna þess að þeir voru óþægilegir og/eða óþarfir) sé svona skaðlegur fyrir einstaklinga að það sé hægt að efast um að þeir séu marktækir?

„Það hefur mikið verið skrifað um „conformity" og „non-conformity" í hinum ýmsu greinum, þar á meðal tísku."

Ef einhver spyr mig þá finnst mér einfaldlega skynsamlegt að fara úr skónum þegar fólk vinnur innanhúss, þannig bætir það líðan sína á skömmum tíma. Ég fer oft úr skónum, til dæmis í flugvél þegar kyrrsetan þreytir, og það er einfaldlega ekkert vit fólgið í því að gera það ekki. Skór eru yfirleitt ekki nauðsynlegir innanhúss á Íslandi. Þegar fólki líður vel vinnur það betur og ég vil að þingmennirnir okkar vinni vel. Varðandi ósamstæða sokka eru samstæðir sokkar fyrirsjáanlegir og fyrirsjáanlegt er leiðinlegt. Þarna eru skynsemi og hefðir orðnar andstæður einu sinni enn.

Það kemur reglulega fyrir að íhaldssamt fólk reyni að smána frjálslyndari einstaklinga með því að benda á að viðkomandi sé ekki samræmdur (conformed) þegar kemur að klæðnaði eða tísku.

Klaustursmenn reyndu til dæmis í tali sínu á barnum að niðurlægja Loga Einarsson, þingmann Samfylkingarinnar, með því að benda á að hann hefði einhvern tímann verið lítið klæddur eða „á typpinu" þegar hann kom fram á tónleikum með Skriðjöklum fyrr á árum.

Samflokksmaður dómsmálaráðherra reyndi fyrir nokkrum árum að smána hana fyrir að hafa birt mynd af sér á samfélagsmiðlum þar sem að hún virðist ekki hafa verið nógu vel greidd, að honum fannst. Þetta fannst honum vera nóg til þess að telja hana óhæfa og/eða ótrúverðuga í því starfi sem henni hafði verið falið.

Ég myndi skilja þetta ef landið væri Saudi-Arabía og verið væri að fylgja Sjaríalögum.

Samræming (conformity) einstaklinga í klæðnaði og skoðunum er augljós andstæða gagnrýnnar hugsunar og frelsis einstaklingsins og afleiðingin er sjálfsblekking og afneitun.

Það hefur mikið verið skrifað um „conformity" og „non-conformity" í hinum ýmsu greinum, þar á meðal tísku. Viljum við vera einstaklingar með sjálfstæða hugsun, klæðnað og gjörðir eða viljum við falla í hópinn, samræmast og gera eins og hinir, hugsunarlaust?

Ég ætla að ljúka þessu með því að vitna í einn góðan:

„Conformity is the jailer of freedom and the enemy of growth." John F. Kennedy.

Það er ekkert flóknara. Áfram ósamræmi í hugsun, hegðun og klæðnaði. Allt annað er vont.

Texti / Guðný Hrönn



Margir gestir mættu með andlitsgrímur á sýningar.
Mynd / EPA

Kórónaveiran setti strik í reikninginn

Þrátt fyrir að yfirvöld í Frakklandi hafi bannað alla viðburði þar sem fleiri en fimm þúsund manns koma saman í ljósi útbreiðslu COVID-19 tókst að halda tískuvikuna í París.

Útbreiðsla veirunnar setti þó strik í reikninginn á nýafstaðinni tískuvikunni. Blaðamenn hættu margir við að mæta á sýningar, sumir gestir mættu með andlitsgrímur, partíum og kokteilboðum var aflýst og flestir hönnuðir frá Kína hættu við að taka þátt í tískuvikunni.

Fjölmargir kusu þá að fylgjast með sýningum í gegnum streymi á Netinu og voru því margar sýningar heldur fámennar, aldrei þessu vant.



Havana tungusófi
verð 570.000 kr.

ÞÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Josephine verð 365.000 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Hægindastólar



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Kristalsvörur frá Julia



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI

Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti HÚSGÖGN

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Facebook

sh Séð og Heyrt
FRÆGA FÓLKIÐ

GUNNAR VANN POLLUX-VERÐLAUN





Gunnar Þór Sigurjónsson ljósmyndari vann til verðlauna á Pollux-ljósmynda-verðlaunahátíð sem haldin var í fjórtánda sinn í Barcelona á Spáni dagana 4.-7. mars. Verðlaunahátíðin er sú stærsta í heiminum meðal atvinnu- og áhuga-ljósmyndara og þar eru sýndar myndir yfir 250 verðlaunaljósmyndara alls staðar að úr heiminum og spanna verk þeirra mörg þemu og tækni. Sýningin er í stærsta galleríi Spánar sem er bara tileinkað ljósmyndum og er það þriðja stærsta í Evrópu. Gunnar vann til verð-launa í flokki portrett ljósmynda fyrir myndaröðina Sterkar stelpur (Strong Girls). Á meðal fyrirsæta á myndum hans eru Nína Dagbjört Helgadóttir sem tók þátt í Söngvakeppninni og Sólborg Guð-brandsdóttir aktívisti. Og ekki nóg með að Gunnar hafi unnið til verðlauna, hann hélt einnig aðalræðuna á galakvöldverði sem haldinn var á fimmtudagskvöldinu.

Daði og Gagnamagnið í garni



Það hefur ekki farið fram hjá neinum líklega að Daði og Gagnamagnið verða fulltrúar Íslands í Eurovision. Og meðan við bíðum eftir keppninni í maí, þá er hægt að prjóna úr Gagnamagnsgarni. Það er smáspunaverksmiðjan Uppspuni á Hellu sem er að búa til garnið, eða lita það sem það hefur í lit Gagnamagnsins og eru fyrstu tilraunir komnar á keilu eins og sést á Facebook-síðu Uppspuna. Fyrirtækið á kannski ekki langt að sækja hugmyndina, þar sem Björg, móðir Daða og Sigrúnar, systur hans, vinnur hjá Uppspuna.

Töfratrikk Ingós í Salnum

Mynd / Ólöf Erla Einarsdóttir/Svart



Ingólfur H. Geirdal tók sér ekki langa pásu eftir að hafa töfrað áhorfendur Söngvakeppninnar með hljómsveit sinni DIMMU, þar sem hann heldur töfrasýningu í Salnum í Kópavogi á sunnudag. Ingó sýnir oft á árshátíðum og öðrum slíkum viðburðum en heldur sjaldan almennar sýningar og því er kjörið tækifæri til að mæta og reyna að læra trikkið sem áhorfendur RÚV sáu þar sem Ingó breytti pappírssneplum í 5.000 krónu seðla. Líklega gott fyrir efnahag landsins ef allir væru með þetta trikk á hreinu eða hvað? Ingó hefur sýnt töfrabrögð í rúma fjóra áratugi, ótrúlegt en satt, og var byrjaður að sýna á skemmtistaðnum Hollywood sem var og hét í Ármúla löngu áður en hann hafði aldur til að mæta þangað til að skemmta sér. „Ég er alltaf að undirbúa, æfa og hanna ný atriði," segir Ingó, sem er sami karakter þar og á tónleikum DIMMU. Þetta er minn persónuleiki, ég er alltaf svartklæddur, sama hvar ég er eða hvernig viðrar," segir Ingó. „Ég er haldinn gríðarlegum áhuga og ástríðu gagnvart töfrum og sé ekki fyrir mér að ég sé að hætta í töfrabrögðunum."

VERÐLAUNA LEIKUR

GUNNAR ÞÓRÐARSON



Á laugardag 7. mars heldur Gunnar Þórðarson tvenna afmælis-tónleika í Eldborgarsal Hörpu, en hann varð 75 ára í janúar. Eftir Gunna liggja 830 lög. Nefndu okkur tvö af þínum uppáhalds.

Svar sendist á netfangið ragna@birtingur.is fyrir fimmtudaginn 12. mars eða með því að fara inn á Facebook-síðu Séð og Heyrt, skrifa þar athugasemd og tagga vin. Við drögum úr nöfnum þeirra sem skrifa athugasemd eða senda tölvupóst og viðkomandi og vinurinn sem taggaður er fá eintak af nýjustu tölublöðum Vikunnar og Húsa og hýbýla.

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Facebook

Fræg tvífarar

SAGT ER AÐ VIÐ EIGUM OKKUR ÖLL TVÍFARA EINHVERS STAÐAR Á HNETTINUM. Í SUMUM TILVIKUM ERU TVÍFARARNIR BÁÐIR ÞEKKTIR EINSTAKLINGAR.

Við á Séð og Heyrt tókum okkur til og fundum nokkra tvífara á meðal þekktra Íslendinga og þekktra útlendinga.

Birgitta Haukdal & Natalie Wood

Mynd / Heiða Helgadóttir



Söngkonan og barnabókahöfundurinn Birgitta Haukdal er sláandi lík leikkonunni Natalie Wood, sem lést árið 1981. Wood var vinsæl og vel þekkt leikkona á árum áður og meðal annars þekkt fyrir hlutverk sín í Miracle on 34th Street, Rebel Without a Cause og West Side Story.



Árný Fjóla & Zoë Tomalin



Árný Fjóla Ásmundsdóttir, meðlimur Gagnamagnsins, og hin breska Tomalin, sem titlar sig brandarasmið á Twitter eru ansi líkar. Það var Tomalin sem vakti athygli á líkindum þeirra á Twitter-síðu sinni en hún var að fara yfir framlög landa í Eurovision. Þess má að geta að Daði lét sér líka við færsluna og taggaði Árnýju, eiginkonu sína.



Jón Kalman & Sting

Mynd / Sigtryggur Ari



Tónlistarmaðurinn Sting og Jón Kalman Stefánsson rithöfundur gætu verið bræður, svo líkir eru þeir. Fyrir utan að vera sláandi líkir eru strákarnir auðvitað virtir og vinsælir í menningunni, hvor á sínu sviði.



Ólöf & Beatrice prinsessa



Ólöf Skaftadóttir fjölmiðlakona og Beatrice, prinsessa af York, sú níunda í röðinni að bresku krúnunni, gætu verið systur eða í það minnsta frænkur, enda ansi líkar. Blátt blóð rennur í æðum þeirra síðarnefndu og þar til nýlega vann Ólöf fyrir fjölmiðil sem kennir sig við bláan lit, Fréttablaðið.




Jóhanna Guðrún & Courtney



Í janúar sögðum við frá því að vefsíðan sausageroll.com.au hefði fundið tvífara söngkonunnar Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur, hina 21 árs gömlu bresku Courtney. Sú hefur unnið sér til netfrægðar að spila hinn vinsæla leik Fortnite.



SÓFA- OG MOTTUMARS



N701 einingasófi 20% afsláttur
Fáanlegur í nokkrum litum

Sófar
10-40% afsláttur
Allar mottur
með 20-70%
afslætti

1.000 kr. af hverri seldri mottu rennur til Krabbameinsfélagsins.



1. River	160x230	200x290
	29.000,-	48.000,-
M/afslætti	23.200,-	38.400,-



2. Amare	160x230	200x290
	49.000,-	75.000
M/afslætti	39.200,-	60.000,-




3. River	160x230	200x290
	29.000,-	48.000,-
M/afslætti	23.200,-	38.400,-



4. Alix	160x230	200x290
	49.000,-	75.000
M/afslætti	39.200,-	60.000,-



5. Cozy	160x230
	59.000,-
M/afslætti	47.200,-



6. Florence	160x230	200x290
	49.000,-	75.000
M/afslætti	39.200,-	60.000,-



7. Fiore	160x230	200x290
	49.000,-	75.000
M/afslætti	39.200,-	60.000,-



8. Peshi	160x230	200x290
	59.000,-	
M/afslætti	47.200,-	

habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

MANNLÍF | BIRTÍNGUR EHF | ÚTGÁFUFÉLAG | SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK | S: 515 5500 | 9. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGURINN 6. MARS 2020 | mannlíf.is | Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Magnús Guðmundsson

Skömminni skilað

Það er ekki á hverjum degi sem raunverulegar hetjur af holdi og blóði stíga fram fyrir skjöldu. Manneskjur sem eru reiðubúnar til þess að stíga fram fyrir skriðdreka almenningsálits og rótgróinna fordóma og hvika hvergi. Það gerðist þó á þriðjudagskvöldið í fréttaþættinum Kveik á RÚV sem að þessu sinni fjallaði um fátækt og var í umsjón Láru Ómarsdóttur. Það var hverjum sem á horfði og hlustaði af athygli og samúð ógleymanlegt og hafi þau öll ævarandi þakkir fyrir.

Fátækt er viðbjóður og það er með hreinum ólíkindum að þúsundir þurfi að búa við slík kjör í einu ríkasta landi veraldar. Að börn þurfi að vinna þegar þau eiga að vera að læra heima eða leika sér. Að foreldrar þurfi að standa í röð eftir nauðsynjum. Að veikir einstaklingar þurfi að leita á náðir gistiskýla, sofa í bílum eða jafnvel á götunni. Að húsnæði sé lúxus, matur ölmusa, lífið eilífur barningur og hver dagur kvíðvænlegur. Þetta er sá veruleiki sem okkur var sýndur á þriðjudagskvöldið en þetta er líka veruleiki sem við getum breytt ef viljinn er fyrir hendi.

Það er reyndar ólíklegt að sú breyting komi að ofan og að við stóra fundarborðið í stjórnarráðinu muni stjórnarflokkarnir sameinast um að útrýma fátækt á Íslandi. Stjórnvöld hafa hins vegar sett sér það vesældarlega markmið að fækka fátækum um helming fyrir 2030 sem því miður hljómar eins og fíkniefnalaust Ísland árið 2000 gerði á sínum tíma.

Hljómar eins og hjáróma og falskt fyrirheit sem er hætt við að þurfi að víkja fyrir hinni löngu viðbrenndu lygi um að það sé engum hægt að hjálpa fyrr en búið er að lækka auðlindagjald, afnema hátekjuskjatt og helst hækka þingfararkaup og þannig mætti áfram telja. Hvað sem því líður hefur skömminni verið skilað til þeirra sem deila og drottna og þar mun hún liggja þar til breying verður á.





GÆÐARÚM Á
FERMINGARTILBOÐI



DELUXE
HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur fyrir dýpri og betri svefn.
VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:
90x200 cm — Verð áður kr. 77.900 — NÚ AÐEINS KR. 57.900
120x200 cm — Verð áður kr. 89.900 — NÚ AÐEINS KR. 69.900
★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

VALHÖLL
5 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrun.
VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:
90x200 cm — Verð áður kr. 77.900 — NÚ AÐEINS KR. 57.900
120x200 cm — Verð áður kr. 89.900 — NÚ AÐEINS KR. 69.900
★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

SAGA/FREYJA
HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPTAR HEILSUDÝNUR
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.
VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:
90x200 cm — Verð áður kr. 99.900 — NÚ AÐEINS KR. 79.900
120x200 cm — Verð áður kr. 119.900 — NÚ AÐEINS KR. 99.900
★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

25% AFSLÁTTUR AF MJÚK-VÖRU



Svefn & heilsa
★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu


BALDURSNES 6 - AKUREYRI


LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

VEFVERSLUN svefnogheilsa.is

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

nettó

Mexíkódagar!
Santa María
á 25% afslætti



Tilboðin gilda 6. - 8. mars